

57. ÁRSPING HSÍ



ÞINGGERÐ

57. ársþing HSI

Laugardalshöll

30. apríl 2014

1. Þingsetning

Formaður HSÍ Guðmundur B. Ólafsson setti 57. Ársþing HSÍ og bauð þinggesti velkomna, sem nú er haldið í Laugardalshöll og biður þinggesti að skrá sig til þingsins fyrir framan þingsal og fer svo í eftirfarandi formsatriði.

2. Kostning þriggja manna í kjörbréfanefnd

- Ingibjörg Ragnarsdóttir
- Árni Stefánsson
- Þorbjörg Gunnarsdóttir

Engar aðrar tillögur bárust og enginn hreyfði við mótbárum, var kjörbréfanefnd samþykkt og tekur til starfa.

3. Kostning þingforseta og varaþingforseta

Formaður bar upp tillögu um Gunnar K. Gunnarsson sem þingforseta. Engar aðrar tillögur né athugasemdir bárust, telst því Gunnar var réttkjörinn þingforseti. Þá var Davíð B. Gíslason tilnefndur til varaforseta. Engar athugasemdir voru gerðar og telst Dvaíð því rétt kjörinn varaforseti þingsins.

4. Kostning þingritara og varaþingritara

Formaður lagði fram tillögu um Ástu Óskarsdóttur sem þingritara og Róbert Gíslason sem varaþingritara. Engar aðrar tillögur bárust og töldust þau því réttkjörnar. Hófu þau þegar störf.

Formaður HSÍ, forstei ÍSÍ, fulltrúar framkvæmdastjórnar ÍSÍ, fyrrum formaður HSÍ, heiðursformaður, ágætu þingfulltrúar og aðrir gestir. Gunnar tekur við fundarstjórn og þakkar traustið sem starfsmönnum þingsins er sýnt og munum við gera okkar besta til að leysa það eins vel og auðið er. Einnig staðfestir hann lögmæti þessa þings en það kemur fram að mánuði fyrir þing er boðað til þess með rafrænumhætti eða einhvern þann hátt sem vani er á í samkiptum og hefur verið gengið úr skugga um það að það hafi verið gert og lýsi því yfir að þetta þing er lögmætt.

5. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerð síðasta árs hefur verið á vef HSÍ í langan tíma en er ekki dreift sérstaklega hér á þinginu en hún er lög fram formlega hér með. Þinggerð er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Ávörp gesta

Lárus Blöndal forseti Íþróttasambands Íslands fékk fyrstur orðið.

Lárus flytur kveðju frá framkvæmdastjórn og starfsfólki ÍSÍ en það hefur verði náið og gott samstarf í gegnum árin milli ÍSÍ og HSÍ þar sem HSÍ er einn af máttastólpum íþróttahreyfingarinnar í landinu. Lárus tók við sem forseti ÍSÍ eftir andlát Ólafs Rafssonar síðastliðið sumar og varaformaður var kjörinn Helga Steinunn Guðmundsdóttir sem áður var ritari, við ritara starfinu tók Sigríður Jónsdóttir. Þá færðist Ingi Þór Ágústsson upp úr varastjórn í aðalstjórn ÍSÍ. Það eru mörg verkefni á næstunni hjá ÍSÍ það er orðið þannig á hverri ólympíu ári eru orðnir 11 viðburðir. Þeim hefur

farið fjölgandi og núna eru að bætast við evrópuleikar sem verða haldnir á fjögurára fresti og verða þeir haldnir í fyrsta skipti í júní á næsta ári. Það eru aðeins fjögur ár síðan að Ólympíuleikar ungmenna bættust við og verða haldnir núna í sumar í Kína. Við vorum nátturulega með á Ólympíuleikunum í Sochi fyrr á þessu ári og síðan eru smáþjóðaleikarnir haldnir á Íslandi sumarið 2015 sem er gríðalega mikið verkefni. Kostnaður sem ÍSÍ er að leggja í það verkefni er á milli 500-600 milljónir eftir því sem áætlað er. Reyndar koma inn töluverðar tekjur af leikunum sjálfum en það er samt ljóst að afla þarf fjárumuna upp á 200-300 milljóna til að standa straum að þessum kostnaði. Við erum að vona að þessir leikar verði vel sóttir og óskum sérstaklega stuðnings frá allri íþróttahreyfingunni jafnvel þótt Handbolti sé ekki á þessum leikum þá er þörf fyrir sjálfbærni og óskum við eftir góðu samstarfi við HSÍ vegna þessa leika en þetta er í raun okkar Ólympíuleikar og gríðalega umfang en við höfum trú á því að þetta sé þess virði til að gef íþróttamönnum okkar tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli á leikum af þessu tagi. Lárus hefur aðeins kíkt á ársskýrslu sambandsins og þar er aðeins mínus á rekstrinum. En starfið hjá ykkur hefur verið gríðalega öflugt og árangur góður og við hjá ÍSÍ gerum okkur grein fyrir því svona afreksstarf kostar peninga og það er mjög erfitt sérstaklega á síðustu árum að afla fjár til þessa rekstrar. Við höfum verið í viðræðum við ríkið, á síðasta ári náðum við betri samningum en áður og vonumst til þess að það verði framhald á því. Það er alveg ljóst að það vantar verulega fjármagn inn í afreksstarfið og það á ekki hvað síst við ykkur hjá HSÍ þar sem þið rekið mjög dýrt afreksstarf með svona liðsþrótt og ég held að við þurfum að taka höndum saman og reyna að knýa á um betri úrlausn en við höfum haft hingað til, en maður skilur ekki alltaf af hverju þetta er svona erfitt því þegar maður ræðir við einstaka þingmenn sem einstaklinga þá eru allir mjög jákvæðir gagnvart íþróttahreyfingunni og ekki síst gagnvart HSÍ enda má segja að HSÍ hafi staðið upp úr því þjóðin hefur verið inn á gafli hjá HSÍ í mörg ár þannig að menn þekkja til starfsins sem þar er unnið. Þetta er verkefni sem við þurfum að ráðast í en kanski þurfum við að beita eitthvað öðrum aðferðum því það er svo langt í land að við séum komin á þann stað sem við teljum okkur þurfa að vera á með afreksþjóði ÍSÍ til að geta sinnt því afreksstarfi sem fer fram innan hreyfingarinnar. Þakka ykkur fyrir það gríðalega mikilvæga starf sem þið hafið unnið bæði í félögunum og ekki síst í forystu þessarar hreyfingar og við gerum okkur gein fyrir því að starfið er efitt og það er ekki auðvelt að reka svona starf eins og staðan er en við vonandi horfum fram á bjartari tíma í því og ég held að HSÍ eigi það skilið að fá betri stuðning því ég held að þjóðin standi í þakarskuld við HSÍ vegna allrar þeirrar gleði og ánægju sem að sérstaklega karlalandsliðið í handbolta hefur veitt þjóðinni. Óska ykkur góðs og árangursríks þings. Takk fyrir.

Heiðursformaður HSÍ, Júlíus Hafstein tók næst til máls.

Það er alltaf jafn ánægjulegt að koma á HSÍ þing. Það eru nokkrir áratugir frá því að ég kom á þing hjá ykkur fyrst. En allan þennan tíma hefur handknattleiksíþróttin staðið sig vel og verið í fremstu röð og eiginlega fremstir í fremstu röð af íslenskum íþróttasamböndum og íþróttum að vera. Það er alveg stórkostlega að sjá þessa skýrslu hér velta menn 200 milljónum á ári, ár eftir ár, taka þátt í alþjóðlegum mótum spila um 60 landsleiki á hverju ári bæði hérlandis og erlendis. Það er gríðalegt starf á bak við þetta allt saman svo ég tali nú ekki um allt mikla og góða starfið sem er í grunninum það er að segja hjá félögun sjálfum. Það vekur alltaf athygli mína þegar ég skoða fjármál sambandsins með alla þessa miklu afreksstarfsemi og glæsilegan árangur. Ef maður tekur nú bara karlalandsliðið og er þá alveg ástæða til að tala um kvennalandsliðið janhliða vegna þess að undanfarin ár hafa þær staðið sig mjög vel. Á síðastliðunum sex ár sem karlalandsliðið hefur verið á ferðinni og tekið þátt stæstu og sterkustu mótum í heiminum í handbolta hefur það jafnan

ekki verið neðar en í 6 sæti. 5 sæti og 3 sæti. Þetta er óvenjulegur árangur af flokkaíþrótt að vera svo ég tali nú ekki um 320 þúsund manna þjóð. Þegar við vorum að ganga frá bókinni um handknattleiksíþróttina fyrir tveimur árum síðan og vorum að setja inn það sem okkur þótti skemmtilegast og merkilegast og vildum ekki sleppa úr bókinni þá fundum við í fórum Einaris gögn frá New York Times eftir Ólympíuleikana í Peking og á forsíðu var íslenskur handbolti, þar sem þeir komu og sögðu að það getur hvaða litja þjóð komið og átt einn og einn afreksmann í gegnum tíðina, það hefur svo sem gerst hjá okkur og öðrum minni þjóðum. En það að koma upp með heila flokka íþrótt sextán úrvalskeppendur það á ekki að vera hægt hjá 320 þúsund manna þjóð og koma á Ólympíuleika og slást um gull. Ég held að þetta sé einhver mesta viðurkennig sem íslenskt íþróttalíf hefur nokkurn tíman fengið svo ég tali nú ekki um handboltann. Þess vegna hefur það valdið mér nokkrum vondbrigðum í gengum tíðina þegar maður skoðar fjármál og styrkveitingar til afreksíþróttar á Íslandi að af þeim 200 milljónum sem handknattleikssambandið veltir koma 20 milljónir úr afrekssjóði þetta er auðvitað allt of lítið og það er ekki boðlegt fyrir íþróttahreyfinguna að standa fyrir framan þetta, ár eftir ár og fá ekki meiri lausnir og betri lausnir. Ég velti því líka fyrir mér og tek undir það með Forseta Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands að það er ekki nógu vel að þessu staðið hjá hinu opinbera og það er full ástæða til að segja það upphátt. En á sama tíma finnst mér ástæða fyrir Íþróttar og Ólympíusamband Íslands að skoða það betur hvernig þeir úthluta úr afrekssjóði, vegna þess að þegar maður skoðar úthlutun þá finnst manni þetta oftast vera dreift of mikið. Það eru ekki allar íþóttir á Íslandi í sama stað varðandi afreksíþrótt. Þar stendur Handknattleikssambandið fremst og það finst sumum í íþróttahreyfingunni að þeir fái alveg nóg en að mínu mati fá þeir allt of lítið fyrir öll þau miklu afrek sem handknattleiksíþróttin hefur unnið til á undanföllum árum. Svo það hlýtur að vera áskorun frá hverjum og einum sem horfir á þetta, jafnvel hlutlaust að það sé endurskoðað með hvaða hætti fjármunum frá afrekssjóði sé veitt til íþróttanna. Það þurfa að vera samanburður á milli íþróttagreina hvað er afreksíþrótt og hvað er ekki afreksíþrótt. Þannig er það nú einu sinni að það geta ekki allir náð toppnum eins og handboltinn hefur gert á undanföllum árum ég tala nú ekki um allar götur frá 1961 þegar íslenska karlalandsliðið í handbolta var í fyrsta skipti í sjötta sæti á heimsmeistaramótinu í handbolta. Allar götur síðan hafa þeir verið í fremstu röð og eru enn. Maður segir enn og aftur í allra fremstu röð meðal 5 bestu handboltaþjóða í heiminum. Þetta eru auðvitað glæsilegur árangur og það er gaman fyrir okkur öll bæði ykkur sem yngri eru og okkur sem erum eldri og höfum starfað hér áður áratugum saman að það sé aldrei verið að slá af. Það er alltaf haldið áfram að við skulum vera áfram meðal þeirra bestu. Til hamingju með það, til hamingju með handboltann og gangi ykkur vel í framtíðinni. Takk fyrir.

Gunnar þakkar Júlíusi fyrir.

7. Álit kjörbréfanendar lagt fram og samþykkt

Þorbjörg Gunnarsdóttir fulltrúi kjörbréfanendar kom fram og las upp mætingu þingfulltrúa. Þeir voru alls 42, en 86 þingfulltrúar eiga rétt á setu. Álit kjörbréfanefndar er lagt til atkvæða. Kjörbréf samþykkt samhljóða. Kjörbréfanend heldur áfram að starfa. Því það er kostning til stjórnar sem er leynileg og verður aftur farið yfir fjölda fulltrúa og athvæðaselar verða afhentir í samræmi við mætignu þingfulltrúa.

8. Kostning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og alsherjanefnd þingsins

Það kveður á það í lögum sambandsins að kjósa skuli í þessar þrjár nefndir en vegna eðlis og lítils fjölda tillagna sem liggja fyrir þinginu er það tillaga frá stjórninni að málsmeðferð verði aðeins breytt í þá verðu að við kjósum þrjá menn í alsherjar- og laganefnd saman. Einnig er kosið um þrjá menn í fjárhagsnefnd. Ekki var gerð athugasemd við þessa tilhögun

- Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:
 - Guðborg Halldórsdóttir
 - Ásta Óskarsdóttir
 - Arnar Þorkelsson
- Í Laga-, reglna og alsherjarnefnd voru tilnefnd:
 - Davíð B. Gíslason
 - Sverrir Einarsson
 - Valdimar Óskarsson

Allir tilnefndir nefndarmeðlimir töldust réttkjörnir þar sem engar athugasemdir né gangtillögur bárust.

9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Guðmundur B. Ólafsson tekur til máls um skýrslu stjórnar bendir á að hún sé í heild sinni í þinggögnum en ætlar ekki að lesa hana frá orði til orðs en þar koma helstu atriðin fram. En vil byrja á því að þakka gestum okkar hér tóku til máls hlý orð í okkar garð og stuðning við okkar starf. Það er gott að finna frá að það er metið á þeirra vettvangi, vonumst við eftir góðu samstarfi við ÍSÍ um áframhaldandi þrýsting á stjórnvöld virðist vera eilífðarverkefni um aukið fjármagn í reksturinn á íþróttahreyfingunni. En síðastliðið starfsár var mitt fyrsta formanns ár, samstarfið hefur gengið mjög vel engin stórmál hafa komið upp. En á árinu 2012 var lagt upp með að auka við starfslið á skrifstofu bæta í varðandi fræðslumálin, aðkomu á skrifstofuna var stórbætt með stærri skrifstofu. Árni Stefánsson var ráðinn í fræðslumálin auk þess að landsliðsþjálfarinn var fengið til að starfa á skrifstofunni með því vöru lögð fram skýr skilaboð um að við erum að stefna að því að fjölga þátttakendum og iðkendum og leggja meiri metnað í fræðslumálin. Landsliðsþjálfarinn kom síðan inn á það að samræma störf landsliða og ná meiri tengingu milli yngri liða og eldri og þetta hefur gengið mjög vel. Við stefnum á að halda þessu áfram en að sjálfsögðu kostar þetta meira eins og fram kemur í reikningunum. Það hefur farið svolítið mikill tími í að semja við nýja styrktaraðila. N1 hætti samstarfi við okkur á árinu, þeir voru búnir að vera til margra ára og var samstarfið farsælt og þakkað er fyrir það samstarf. Samið var við Olís og hafa þeir komið mjög sterkir inn í okkar samstarf og kynningu á deildinni, það er ekki hægt að segja annað en það hafi gengið mjög vel og jafnframt hefur deildarkeppnin líka verið spennandi og vakið mikla athygli og sjónvarpið hefur verið að sýna reglulega frá þessum leikjum sem að hefur verið heilmikið áhorf á og mun meir áhorf á handbolta í sjónvarpinu en td. Knattspyrnuleiki þó að þessi ensku knattspyrnuleikir séu teknir með þá er í raun ekki hægt að líkja því saman við þessar tölur sem við fáum í áhorf. Það er nú ekki alltaf hægt að marka þessar áhorfendatölur því eitt sinn frétti ég af sjónvarpsþætti sem fékk 3% áhorf en hann var farinn af dagskrá. Kvennadeildin hefur verið mjög sterk í vetur og sjaldan verið jafn spennandi jafnframt eru að koma inn mörg ný lið og greinilega mikil gróska í kvennaboltanum. Það sem hefur einnig verið mjög ánægjulegt er

að fyrsta deildin hefur verið öflug í vetur þar hafa komið inn ný lið og við sjáum að það stefnir allt í það að það verði fjöglund í deildinni á næsta ári en td. Hefur KR teflt fram liði og ég tel það gríðalega mikilvægt að fá jafnt öflugt félag og KR aftur inn í handboltann og tel það geta verið mikla lyftistöng fyrir handboltann til lengri tíma litið og hafa þeir staðið sig mjög vel í vetur og vonum að þarna verði áframhald á og verði til að fjölga iðkendum til lengri tíma litið. Semja þurfti við nýjan styrkaraðila vegna bikarkeppnina. Síminn vildi ekki endurnýja samstarfið og gengið var til samninga við Coca Cola og það verður að segjast að það samstarf hefur líka gengið mjög vel og vonumst við eftir áframhaldandi samningum við þá, með þessu sama fyrirkomulagi og verið hefur “Final four” sem hefur gefið mjög góða raun. Við áætluðum að á þessa “Final four” helgi hafi komið um 12-13.000 manns til að horfa á handbolta. Það var gaman að sjá þegar yngri flokkarnir spiluðu á sunnudeginum allavega á einum leiknum voru yfir 800 manns þannig að það hefur reynst mjög vel og ég tel að það sé komið til að vera en að sjálfsgöðu þarf að sníða af þá vankanta sem ávalt koma upp. Lansliðin hafa staðið sig mjög vel og þar kemur fram að karlaliðið spilaði 34 leiki, kvennaliðið 21 leik og landsleikir á vegum sambandsins vour 65. Árangur landsliðsins var mjög góður á árinu og karlaliðið toppaði sinn árangur núna í ársbyrjun 2014 með 5 sætinu á evrópumótinu og það er náttúrulega ekki sjálfgefið að ná slíkum árangri. Það hefur margt komið upp í starfinu á árinu, sem er kanski ekki stórmál í okkar starfi en verður að stórmáli í fjölmiðlum td. Stóra medalíumálið og við leystum nú úr því að þannig að sambandi leysti til sín þá medalíu sem var komin á flakk og ég held að almennt hafi men verið ánægðir með það. Varðandi erlent samstarf þá sóttum við þign alþjóða handknattleiks sambandsins í Quatar. Þar gerðum við tilraun til að koma manni inn í stjórn, fyrverandi formaður Knútur Hauksson bauð sig fram í stjórn, en það er í raun ótrúlegt að eiga við þetta system og það endaði þannig að það voru í raun allir búnir að draga sig til baka til að styðja einhvern tiltekinn. Við dróum okkur til baka til að styðja normanninn í kjöri en svo dró hann sig til baka hálf tíma áður en kostning var þannig að þetta virtist í raun allt vera ákveðið fyrirfram. En við höfum verið að reyna að gera okkur sýnilegri á þessum alþjóðavettvangi þá einkum innan Evrópusambandsins Helga Magnúsdóttir situr í stjórn Evrópusambandsins og starf okkar er mest með Norður Evrópu þjóðunum og reyna að ná samstöðu á meðal þeirra með að ná fram okkar málum. En eins og fram kemur í skýrslunni þá var rekstrartap á síasta ári upp á 12 milljónir. Skýringarnar eru kanski nokkrar en eins og ég kom inn á þá hefur verið aukinn kostnaður á skrifstofu, farið var í að laga heimasíðuna og endurbæta hana, koma upp öflugara kerfi í kringum mótafyrirkomulagið sem við töldum að þó svo að það kostaði eitthvað að þá væri það til lengri tíma litið góð fjárfesting og jafnframt verðum við að hafa það í huga að kvennaliðið náði ekki inn á stórmót og þó stórmót kosti alltaf mikið við að taka þátt í þeim þá er líka dýrt að komast ekki inn á þau við fáum alltaf einhverja styrki við að komast inn á stórmót en ef við komust ekki inn verðum við að taka ákvörðun um hvort við ætlum að halda upp sama tempói sem verið hefur í starfinu með æfingarleikjum og fá þá önnur lið hingað að þá hefur það líka gríðalegan kostnað í för með sér. Við stöndum þá alltaf frami fyrir því hvenar eigum við að skera niður og hvenar við eigum að reyna að halda sjó og við ákváðum það frekar að halda sjóð og reyna að koma kvennaliðinu aftur í fremstu röð að það væri mikilvægara en ef það væru einhverjar milljónir í rekstrartapi þetta árið. En við þurfum að bæta upp með auknum tekjum við höfum verið í viðræðum núna við styrkaraðila til að koma inn með okkur með öflugri hætti en áður og jafnframt að tengja það útbreyðslu og fræðslustarfi það er ekki komin niðurstaða í það en við vonum að það verði jákvætt. Síðan er ég líka á því að við þurfum að horfa inn á við hvað getum við gert betur við eigum þjálfara hér í fresmtu röð á heimsvísu og við höfum núan verið að nýta árið í það að undirbúa alþjóðlegt þjálfaranámskeið og reyna að skapa okkur þannig auknar tekjur innanfrá til að mæta auknum kostnaði þannig getum við eft skrifstofuna og starfið. Voanndi getur þetta gengið eftir þó svo að það verði kanski ekki fyrr en í byrjun næsta árs sem það verður að raunveruleika en við höfum veirð að vinna að þessu. Þá þurfum við líka að halda áfram þrýstingi á stjórnvöld um að fá meiri peninga til þessa reksturs. Ég tel að næstu verkefni okkar

séu að viðhalda þessum verkefnum sem við erum með. Einnig að leggja meir pressu á að fá þjóðarleikvang við erum með Laugardalshöllina sem tekur um 2.400 manns í sæti það er ekki nægjanlegur áhorfendafjöldi til að hafa nægar tekjur við þurfum að fá hér hús sem getur tekið 5.000 – 6.000 manns hvernig svo sem það er gert, þallar inn í Egilshöll eða þá að byggja hér þjóðarleikvang en við þurfum að fara að setja miklu meiri pressu í þetta mál þannig að landsleikir hér að 5.000-6.000 manns skili okkur það miklum tekjum að við getum verið sjálfbærir í rekstri með það. Ég veit að sú vinna er í gangi en við höfum ekki verið mikið inni í því og ég held að við eigum að fara að setja okkar krafta í að koma þessu verkefni á koppinn. Síðan þurfum við að ég tel að horfa á okkar innra starf styrkja umgjörðina í kringum félögin og rekstur þeirra. Þess vegna hefur það verið rætt innan stjórnarinnar og hefur líka komið fram á formannafundi að styrkja leifiskerfið hjá okkur þannig að við setjum félögunum skýrari mörk varðandi leifiskerfi. KSÍ er með sitt leifiskerfi mjög stíft og þunglammalegt en eflaust eitthvað tekið frá UEFA en við erum að hugsa um eitthvað einfaldara en það þarf í sjáfu sér ekki milar lagabreytingar í þetta en þarfnast umræðu innan sambandsins og milli félagana um hvað við eigum að gera miklar kröfur en ég tel mjög mikilvægt að við horfum inn á við og veltum fyrir okkur hvaða kröfur við eigum að gera til okkar sjálfrar. Ég setti hér upp á nokkrar glærur til umræðu og að menn gætu rætt hér á eftir eða þá inn í alsherjarnefndinni þar sem þetta kemur til skoðunar. Forsemdurnar fyrir slíku leifiskerfi eru að efla starf og gæði starfsins, starfs í félögunum, efla tryggingavernd leikamanna, hafa meira eftirlit með fjármálum félaga, samræma viðmið í fjármálum þannig að allir sitji við sama borð hvað það varðar, samræma hæfnirskröfur í innra starfi og stuðla að betri íþróttamannvirkjum. Það myndi í raun og veru þýða það að varðandi íþróttamannvirkin að við myndum gera lágmarkskröfur til íþróttamannvirkja að þær standist ákveðnar kröfur og þá er ég að tala um það að öll félögin geti sýnt fram á að þau séu með tryggja æfingartíma, það sé lágmarks áhorfenda aðstaða hjá félögunum. Flest öll félögin uppfylla þetta í dag en með því að búa til slík viðmið þá gætum við hjálpað þeim félögum sem eru að fara í viðræður við sín sveitarfélög um uppbyggingu á íþróttamannvirkjum að það eru ákveðnar lágmarkskröfur sem við erum að gera og þess vegna getur það hjálpað þeim í þeim viðræðum. Varðandi yngri flokkastarf þá er spurning um hvort að félag í efstu deild sé með yngriflokka starf, þannig að það getur ekki verið lið í efstu deild sem sinni ekki unglingastarfi. Við erum að tala um að gera lágmarkskröfur til félaga. Nú þegar verið er að fjölga félögum að það sé ekki bara gerð félög sem deyta eftir eitt til tvö ár við viljum fá inn félög td. eins og ég nefndi áðan með KR með öflugt ynnra starf og ef að menn ætla að tilkynna sig til leiks að þá þurfi að vera eitthvað tryggingagjald fyrir því að menn séu að koma inn að fullri alvöru. Varðandi menntun þjálfara að við setjum okkur viðmið í því að það séu lágmarkskröfur til menntunar í hverjum aldursflokki þannig að við gerum kröfur um að þjálfarar séu með ákveðna grunnmenntun og það er í sjáfu sér hægt að þrepa það niður eftir aldursflokkum. Gera kröfur til lágmarksfjölda dómara í hverju félagi, hugsunin á bak við það er að styrkja umgjörð leiksins það er að segja að hvert félag leggi sitt að mörkum til að búa til dómara, að eftirlit sé í lagi og tímaverðir séu þjálfaðir. Þetta tel ég mjög mikilvægt að við verðum öll að leggja okkur fram við það að umgjörðin sé í lagi og aðbúnaður leikmanna sé líka í lagi, það séu leikmanna samningar, eru þeir til og tryggingarmál leikmanna. Við erum að sjá núna fleiri og fleiri dæmi um það að landsliðsmenn okkar hafa að vera að slasast og það vekur spurningar um tryggingar og þá er spurningin hvort við eigum að gera kröfu um það að öll félög slysaftryggi sína leikmenn. Við gerðum könnun á þessu núna nýverið og ég held að það hafa verið einungis fjögur félög sem voru með þetta í góðu lagi. Að sjálfsgöðu kostar þetta, fyrir félag sem er með meistaraflokk í karla og kvennaflokki myndi þetta kosta um 500.000 kr. á ári ef menn eru með þetta, en þetta er til umræðu um hvort við eigum að gera þessa lágmarks kröfu. Varðandi fjármál þá er spurning um hvort við eigum að gera þá kröfu á að félögin eru ekki með vanskil á opinberum gjöldum og lífeyrisgjöldum. Þegar menn sækja um keppnisleyfi að ári þá séu þessir hlutir í lagi jafnframt að reglur sem ég held að séu í öllum félögum að reglur um skoðunarmenn eða endurskoðendur séu í lagi þannig að það


sé eftirlit með því, að það séu ekki skuldir vegan leikmannasamninga vegan ársins þar á undan. Hugsunin á bak við það er að ekki séu félög á markaðinum sem eru að spenna upp og fá til sín leikmenn og standa svo ekki við gerða samninga þannig að allir sitji við sama borð. Félögin séu ekki í skuld við HSÍ sem ég held að sé nú í relgunum í dag. Við þurfum samt sem áður að passa okkur á því í umræðunni um svona leyfiskerfi að þá sé ekki verið að íþyngja rekstrinum meira en komið er við þurfum að finna þarna eitthvað jafnvægi á milli þessarar rekstrar og umgjörðar sem við erum með og þess kostnaðar sem þessu fylgir þetta má heldur ekki vera of flókið þannig að menn gefist upp á því að reyna að sækja um keppnisleyfi. Síðan er nauðsynlegt að félögunum er veittur aðlögunartími til að samlagast þessum reglum. Þá er ég td. að hugsa um varðandi dómaramálin að menn gefi því ákveðin tíma að búa til dómara sem geti dæmt í efstu deild. Ég held að þetta sé eitthvað sem við eigum að ræða. Það verður ekki teknin nein einhliða ákvörðun um þetta nema að félögin séu sátt við þá umgjörð. Að lokum við ég þakka öllum starfsmönnum og stjórnarmönnum fyrir mjög gott starf á árinu. Þegar maður horfir yfir starfið þá erum við með 65 landsleiki og það eru 3.5 – 4 stöðugildi á skrifstofunni og er þetta fólk að vinna kraftaverk á hverjum degi. Til sambanburðar held ég að það séu 17-18 starfsmenn hjá KSÍ þannig að því til samanburðar eru menn að vinna kraftaverk og það er kanski ekki síst að stjórnarmenn þeir koma inn í þessa vinnu líka og styðja við skrifstofuna með sínu framlagi, við þökkum þeim kærlega fyrir. Það er einn sem gengur úr stjórn núna en það er Árni Árnason sem hefur verið stjórnarmaður undanfarin fjögur ár og gefur ekki kost á sér til áframhaldandi starfa hann hefur verið formaður landsliðsnendar kvenna og við þökkum honum fyrir vel unnin störf og vonumst til að hann starfi með okkur áfram í framtíðinni. Það koma því nýjir aðilar inn í stjórn. Takk fyrir.

SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ

56. Ársþing HSÍ var haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 30. apríl 2013. Knútur G. Hauksson gaf ekki kost á sér áfram sem formaður HSÍ en hann hafði gegnt þeirri stöðu s.l. fjögur ár. Guðmundur B. Ólafsson sem var varaformaður með Knúti þau fjögur ár sem hann sat, gaf kost á sér í formannsstöðuna og var hann sjálfkjörinn formaður HSÍ. Kjósa þurfti fjóra í stjórn og buðu fimm sig fram í þær stöður en það voru Ásta Óskarsdóttir, Davíð B. Gíslason, Davíð Hjaltested, Vigfús Þorsteinsson og Þorgeir Jónsson. Þau Ásta Óskarsdóttir, Davíð B Gíslason, Vigfús Þorsteinsson og Þorgeir A. Jónsson voru endurkjörinn og kosinn til tveggja ára. Þeir sem enn áttu eftir eitt ár af kjörtímabili sínu voru Einar Einarsson, Árni Þór Árnason, Guðjón L. Sigurðsson og Gunnar Erlingsson. Fyrir þinginu lágu nokkrar lagabreytingar, en stjórn HSÍ sér um breytingar á reglugerðum sambandsins.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 12 formlega fundi. Þar fyrir utan voru haldnir 4 fundir með formönnum aðildarfélaganna. Snérust þeir fundir meðal annars um málefni hreyfingarinnar, kynningar á Olís deildinni og Coca Cola bikarnum, málefni 1. deildar karla, um mótakerfið í efstu deildum, sjónvarpsmál, málefni yngri flokka og komandi Ársþing HSÍ. Eins og undanfarin ár voru ekki allir sammála um mótakerfið en samþykkt var lagabreyting um að fjölga í úrvalsdeild karla í 10 lið með 8 liða úrslitakeppni ef að fleiri en 18 lið tilkynntu þátttöku í meistarafllokki.

Á árinu dróst velta sambandsins saman og kom það ekki á óvart þar sem fyrir séð var að styrkir sem fengust í tengslum við þáttöku og árangur á Ólympíuleikum 2012 eins og Olympic solidarity og styrkur frá ríkisstjórninni myndu ekki standa til boða á rekstrarárinu 2013. Með auknum árangri karla- og kvennalandslíðsins undanfarinn ár hefur rekstrarkostnaður sambandsins aukist mikið. Hvert lokamót og undirbúningur þess eru mjög kostnaðarsöm, enda eru stórir útgjaldaliðir svo sem flugfargjöld og hótélkostnaður háðir gengi íslensku krónunnar sem gefur auga leið að gerir allan rekstur




mjög þungan. Frá árinu 2009 hafa tekjur sambandsins aukist fram til ársins 2012 um 76% sem er góður árangur í ljósi þess mikla samdráttar sem verið hefur í þjóðfélaginu. Hefur þetta skilað sér í því að stjórn sambandsins hefur hingað til enn ekki þurft að forgangsraða verkefnum líkt og sum önnur sérsambönd hafa neyðst til að gera.

Á árinu 2013 var tap á rekstri sambandsins tæpar 12 milljónir króna. Skýrist það m.a. af því að tekjur vegna þátttöku í stórmótum drógust saman en ekki tókst að draga úr öðrum kostnaði á móti. Lagt var í kostnað við gerð nýrrar heimasíðu og gerður samstarfsamningur við Advania við að hanna nýtt mótakerfi ásamt stór endurbættari heimasíðu HSÍ og er markmiðið að nýtt mótakerfi verði tekið í notkun á næsta keppnistímabili. Á það án efa eftir að verða mikil lyftistöng fyrir hreyfinguna.

Auka þarf tekjur sambandsins og er það markmið stjórnarinnar að vinna að öflun meiri tekna í stað þess að draga úr kostnaði með fækkun landsliðsverkefna.

Markmið sambandsins er að öll landslið sambandsins nái inn á úrslitamót EM og HM. Til þess þarf skýra afreksstefnu, með fleiri landsleikjum í öllum aldurshópum auk þess að hlúa betur að landsliðsmönnum. Einn þáttur í því er að allir landsliðsmenn sambandsins fari í gegnum staðlað þrekpróf. Til þess að við getum haldið áfram á sömu braut þarf meira en góður hugur að koma til og þurfum við öll að leggjast á eitt til að efla okkar góða starf til framtíðar.

Samstarfsaðilar eru mjög mikilvægir í rekstri HSÍ og ekkert sérsamband er með eins stóran hluta tekna sinna af samstarfssamningum við styrktaraðila. Má segja að 70% af tekjum sambandsins sé sjálfsaflafé sem aflað er í gegnum samstarfs- og stuðningsaðila HSÍ. Afreksmannasjóður úthlutaði styrkjum til karla og kvennalandslíðanna á árinu 2013 og fékk HSÍ lægri upphæð frá Afrekssjóði ÍSÍ 2013 en árið 2012 þar sem karlandslíðið lék það ár á EM, forkeppni Ólympíuleika og Ólympíuleikum. Fyrir kvennalandslíðið fékk HSÍ svipaða upphæð frá Afrekssjóði.



OLÍS er nýr samstarfsaðili Úrvalsdeilda karla og kvenna og koma þeir inn eftir sex ára farsælt samstarf HSÍ og N1. Fjármagnið sem fæst fyrir þennan samning er notað til kynningar á OLÍS deildinni. Keppnistímabilið 2013 – 2014 er leikið eins og í fyrra. Á vordögum sáum við fram á aukningu í kvennadeildinni og þegar á reyndi urðu liðin 12 í deildinni. Átta karlalið og tólf kvennalið í hvorri Úrvalsdeild og er leikin þreföld umferð hjá körlum en tvöföld umferð hjá konum en síðan tekur við úrslitakepni fjögurra efstu liða í karla en átta efstu liða hjá konum. Stjarnan varð deildarmeistari kvenna og Haukar deildarmeistarar karla. 1. deild karla er með ellefu liðum í fyrsta skipti í tólf ár og hefur hún gengið vel og virðast liðin þar vera að styrkjast.

Keppnin í 1. deildinni var mjög spennandi og er umspilið um laust sæti í OLÍS deildinni í gangi. Og nú standa yfir undanúrslit í OLÍS deildum kk og kvk. Það hefur sýnt sig í vetur að bilið milli deildanna er alltaf að minnka og hefur það mótafyrirkomulag og sá stöðugleiki sem verið hefur í mótafyrirkomulaginu átt þar mikinn þátt. Hefur þetta meðal annars skilað sér í fjölgun liða í meistaraflokki og eins og útlitið er nú er þess að vænta að fjölgunin verði meiri á allra næstu árum.

Sigurvegarar 1. deildar karla varð lið Aftureldingar og munu þeir leika í OLÍS deildinni að ári.

Varðandi umfjöllun í úrvalsdeild karla og kvenna þá hefur hún eins og undanfarin ár verið misjöfn hjá fjölmiðlum almennt. Mikil umfjöllun á sér stað á netmiðlum og tvær nýjar handboltasíður hafa fest sig í sessi en það eru handbolti.org og fimmeinn.is. Á milli HSÍ og RÚV er sjónvarpssamningur um sjónvarpsréttinn á úrvalsdeildum karla og kvenna, ásamt landsleikjum og eru útsendingar á þessu keppnistímabili um 40 talsins. Hafa beinar útsendingar verið á fimmtudögum í vetur á útsendingarás RUV sport og hefur samstarfið við RUV verið gott. Umfjöllunin um HM 2013 karla og útsendingar frá leikjum mótsins var hjá Stöð 2 Sport og sýndi stöðin 40 leiki frá Heimsmeistaramótinu, er það afbragðs umfjöllun í kringum svona stórmót sem HM er. Með þessu hafa 365 miðlar sýnt landsliðinu meiri áhuga. Nú sem áður hefur það verið keppikefli HSÍ að fá sem flestar beinar útsendingar frá leikjum í efstu deildum.

COCA COLA BIKARINN.

Síðastliðið haust kom inn nýr samstarfsaðili að Bikarkeppninni í stað Símans en það er Vífilfell. Áfram var haldið með (final four) fyrirkomulagið hjá meistaraflokkum og bætt var við einum leikdegi ásamt því að spila úrslitin í yngri flokkum eins og síðastliðin ár og má segja að þetta fyrirkomulag í meistaraflokkum hafi tekist en betur núna. Allir leikir í meistaraflokki karla og kvenna voru sýndir beint á RUV og yngri flokkarnir voru sýndir beint á Sport TV. Rúmlega tólf þúsund manns komu í Laugardalshöllina þessa helgina og skemmtu sér vel. Í undanúrslitum mættust hjá körlunum UMFA – ÍR og FH – Haukar. Úrslitaleikin léku síðan ÍR og Haukar og sigruðu Haukar. Í undanúrslitum mættust hjá konunum Valur – ÍBV sem að Valur sigraði og Stjarnan – Gróttu þar sem Stjarnan sigraði þannig að úrslitaleikurinn var milli Vals og Stjörnnunnar þar sem að Valur vann og fékk Bikarmeistaratitilinn.

YNGRI FLOKKAR.

Deildarkeppni er í yngri flokkum frá 4. flokki. Hefur mótahald gengið vel og er ljóst að mótanefnd HSÍ hefur staðið sig mjög vel á þessu keppnistímabili. Í 5-8 flokki er mótunum úthlutað til félagana og hefur sú framkvæmd gengið vel.

LANDSLIÐIN.

Sú stefna hefur verið mörkuð að auka samvinnu milli landsliða undir stjórn landsliðsþjálfara. Hefur sú vinna þegar skilað góðum árangri en halda þarf áfram á þeirri braut.

Samtals léku öll karla landslið sambandsins 34 landsleiki og kvennalandslíðin 21 landsleik og voru landsleikir á vegum sambandsins alls 65 á árinu 2013.

Karllandsliðið tók þátt í mörgum verkefnum á árinu 2013 og var íþróttalegur árangur góður hjá liðinu. Liðið sigraði sinn riðil í forkeppni EM og með því komst það inn á Evrópumeistaramótið 2014 í Danmörku. Þar gekk liðinu frábærilega og lenti liðið í 5. sæti keppninnar. Liðið á að leika tvo leiki við Bosníu í byrjun júní 2014 um farseðilinn á HM í Qatar 2015.

Liðið hafnaði í 11. sæti á HM á Spáni 2013. Þjálfari liðsins er Aron Kristjánsson og honum til aðstoðar Gunnar Magnússon og Erlingur Richardson. Liðsstjóri er Ingibörg Ragnarsdóttir, sjúkraþjálfarar eru Elís Þór Rafnsson og Pétur Örn Gunnarsson og læknar Brynjólfur Jónsson og Örnólfur Valdimarsson.

Verkefni kvennalandslíðsins voru fjölmörg og tók liðið þátt í tveimur Play off leikjum við Tékkland fyrir HM 2013. Liðið tapaði báðum þessum leikjum og komst ekki inn á HM. Kvennalandslíðið á eftir að leika tvo leiki í forkeppni EM 2014 í byrjun júní og má búast við því að takist kvennalandslíðinu að vinna þessa tvo leiki við Finna og Slóvaka þá er farseðillinn á EM 2014 möguleiki.

Þjálfari liðsins er Ágúst Jóhannsson og honum til aðstoðar var Einar Jónsson og Hilmar Guðlaugsson. Sjúkraþjálfari er Elín Harðardóttir og liðsstjóri Þorbjörg Gunnarsdóttir.

20. ára landslið pílta lék forkeppnisriðil fyrir HM og fór hann fram í Hollandi og komst liðið ekki áfram. Þjálfarar liðsins voru Erlingur Richardson og Kristján Halldórsson.

20. ára landslið stúlkna komst ekki í gegnum forkeppni EM sem fór fram í Slóvakíu. Þjálfarar eru þeir Guðmundur Karlsson og Halldór Harri Kristjánsson.

18. ára landslið drengja tók þátt í Opna EM sem fer fram í Partille í Svíþjóð og síðan tók liðið þátt í æfingamóti í Þýskalandi milli Jóna og nýárs. Þjálfari hópsins er Heimir Ríkarðsson.

18.ára landslið stúlkna tók þátt í forkeppni Evrópumóts sem haldið var á Íslandi í Austurbergi. Þjálfarar voru þær Diana Guðjónsdóttir og Unnur Sigmarsdóttir.

16. ára landslið drengja hefur æft vel á tímabilinu og fóru í keppnisferð til Póllands. Þjálfarar liðsins eru Kristján Arason og Konráð Olavson

16. ára landslið stúlkna hefur æft 4 sinnum á tímabilinu og þjálfarar eru Jón Gunnlaugur Viggósson og Halldór Stefán Haraldsson.

SAMSTARFSAÐILAR.

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar, og má þar fremsta nefna Olís, Valitor, Icelandair, Arionbanka, RÚV, Kempa, Promens, Samskip, Höld, VÍS, Stoð, Sæmark, Flugfélag Íslands, Vífilfell, Póstinn, Hagar, Laugar, Fönn, Advanía, Íslenska Getspá, Rolf Johansen, Fastus, Odda, Ormsson. Samstarfið við þessa aðila hefur verið mjög ánægjulegt og byggist rekstur sambandsins mikið á því.

SKRIFSTOFA HSÍ.

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ hefur annast allan daglegan rekstur ásamt starfsfólki HSÍ þeim Róbert Gíslasyni, Árna Stefánssyni, Aroni Kristjánssyni og Þorbjörgu Gunnarsdóttur og voru stöðugildi fjögur og hálft frá maí 2013 til áramóta eru þeim þökkuð frábært starf og er ótrúlegt að hið mikla starf sé ekki unnið af fleiri einstaklingum.

FRAMTÍÐIN.

Eins og fyrr segir þá verður að fá meira fjármagn inn í starfið svo ekki þurfi aðdraga úr verkefnum. Það verður ekki gert einungis með fleiri öflugum stuðningsaðilum heldur verðum við einnig að horfa inná við og velta fyrir okkur hvort við getum nýtt okkar þekkingu og reynslu í að afla frekari tekna. Unnið hefur verið að markvisst starf í fræðslumálum á árinu og lagður grunnur á að halda alþjóðlegt þjálfaranámskeið eigi síðar en á næsta ári. Árangur okkar bestu þjálfara gefur okkur ástæðu til að ætla að við höfum margt fram að færa og vonandi getum við miðlað þekkingu okkar og aukið tekjur sambandsins í leiðinni.

Samhliða auknu starfi tel ég rétt að við styrkjum umgjörð í kringum starf okkar og búum leyfiskerfi sem öll félög þurfa að fara eftir. Hér er horft til grunnþátta eins og fjármála, íþróttaaðstöðu, trygginga leikmanna, menntun þjálfara og uppbyggingu dómarmála ofl. Hugmyndir þess efnis eru til kynningar á þinginu.

Þá verður ekki hjá því komist að leggja meiri áherslu á ytri umgjörð fyrir landsleiki. Koma þarf á betri umgjörð fyrir landsliðið bæði er varðar æfingaastöðu, og ekki síður þarf að huga að þjóðarleikvangi til að spila landsleiki bæði til að gefa fleirum kost á að sjá landsdslið okkar spila og ekki síður til að auka tekjur af landsleikjum.

Guðmundur B. Ólafsson formaður.

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KVENNA HSÍ
--

Nefndarskipan var sem hér segir.

Árni Þór Árnason - formaður

Guðbjörg Jónsdóttir - ritari

Ásmundur Jónsson - nefndarmaður

Brynja Ingimarsdóttir - nefndarmaður

Þorbjörg Gunnarsdóttir - tengsl við skrifstofu

Helstu markmið nefndarinnar voru þessi og var unnið að þeim eftir föngum:

- ✓ Bæta umgjörð kvennalandslíðsins.

- ✓ Samhæfð þjálfun allra kvennalandsliða
- ✓ Fá góða þjálfara til að þjálfa kvennaliðin
- ✓ Fá fleiri konur til að leggja fyrir sig þjálfun
- ✓ Fá fleiri konur til að leggja fyrir sig dómara starf
- ✓ Koma upp fullkominni skrá yfir allar fyrrum landsliðskonur
- ✓ Vera með 3 góða styrktaraðila sem leggja til 7-8 milljónir á ári til viðbótar framlagi frá sambandinu.
- ✓ Leggja aukna áherslu á markvarðaðþjálfun allra landsliða.
- ✓ Efla næringarráðgjöf fyrir öll kvennalandsliðin.
- ✓ Nefndarmenn séu tengiliðir við ákveðin lið til að bæta samskipti.
- ✓ Auka meðvitund leikmanna fyrir góðu líkamlegu ástandi.

Landsliðsþjálfarar þetta starfsár voru:

- ✓ A landslið Ágúst Þór Jóhannsson og Einar Jónsson.
- ✓ U20 ára liðið Guðmundur Karlsson og Halldór Harri Kristjánsson
- ✓ U18 ára liðið Hilmar Guðlaugsson og Inga Fríða Tryggvadóttir
- ✓ U16 ára liðið Jón Gunnar Viggósson og Halldór Stefán Haraldsson

Stutt yfirlit yfir helstu þætti starfsins.

Nefndin hélt 6 bókaða fundi auk annarra samskipta við skrifstofu og þjálfara og kunnum við þeim þakkir fyrir gott samstarf.

Árið 1964 urðu íslenskar handknattleikskonur norðurlandameistarar utanhúss og var þess minnst á þessu ári að 50 ár eru síðan þessi fyrsti alþjóðlegi titill kom í hús.

A lið kvenna hefur unnið sér þann stall í íþrótt aflórunni að RUV sýnir frá öllum leikjum okkar.

Í júníbyrjun 2013 kepptum við tvo leiki við Tékkka heima og heiman varðandi laust sæti á HM í Serbíu. Þær tékknesku voru betri á öllum sviðum og skyldu okkur eftir.

Þórir Hergeirsson landsliðsþjálfari Noregs kom í júní með sinn hóp í æfingaferð og voru tveir æfingaleikir og einnig hafði hann opna æfingu og þjálfarafund.

Þrír æfingaleikir voru við Sviss á Seltjarnarnesi í nóvemberlok .

Undirbúningur fyrir næsta EM er í fullum gangi og höfum við unnið Finnland og tapað naumlega fyrir Slóvakíu á útivelli og tapað báðum leikjum gegn Frakklandi. Seinni leikurinn sem var úti var lengstum í okkar höndum og frábært að sjá hvernig þær stóðu í einu besta kvennaliði í heiminum. Því miður tapaðist hann á síðustu metrunum sem gefur okkur tilefni til að hugleiða hversu líkamlegt ástand skiptir miklu máli í dag ef við viljum vera í fremstu röð. Hagstæð úrslit þurfa að nást þann 15. júní gegn Slóvakíu í Reykjavík og sigur gegn Finnum í leik liðanna þann 11. júní og þá erum við aftur komin inn á stórmót.

U20. Undanriðill fyrir HM var spilaður í Víkinni nú um Páska. Ísland var í erfiðum riðli með mjög sterkum liðum frá Rúmeníu, Úkraínu og Slóveníu og því ljóst að við ramman reip yrði að draga. Niðurstaða riðilsins var í takt við það og stóðu Rúmenar uppi sem sigurvegarar og Slóvenía náði öðru sæti og þar með sæti í úrslitum HM í Króatíu í sumar. Ísland endaði í fjórða sæti riðilsins, þrátt fyrir hetjulega baráttu í öllum leikjunum við.

Eflaust má tína til eitt og annað til að skýra þessa niðurstöðu, en hvað sem öðru líður er ljóst að við höfum verk að vinna til að ná að stíga skrefið til fulls og vera jafnfætis liðum eins og þeim sem við kepptum við á þessu móti.

Icelandair studdi mótið og var það tengt þeirra nafni. Einnig styrkti VAKA hf. þetta mót með myndarlegu fjárframlagi. Kunnum við þessum aðilum miklar þakkir fyrir þeirra framlag og vonandi að áframhald geti orðið á því.

Mjög öflugt foreldrastarf var í kringum þetta verkefni og náðu leikmenn og foreldrar einstökum árangri í fjármögnun mótsins og settu ný viðmið í þeim efnum. Sömuleiðis var öll umgjörð og framkvæmd mótsins til fyrirmyndar og auk foreldra leikmanna er vert að geta sérstaklega þáttar Brynju Ingimarsdóttur, liðsstjóra, en hún átti drjúgan þátt í því hversu vel var haldið á málum og á þakkar skyldar fyrir sitt starf.

Sú nýjung var tekin upp að íþróttanæringarfræðingur fylgdist með hópnum og stúlkurnar settu sér einstaklingsmiðuð markmið. Vonandi er þetta það sem koma skal.

Þarna eru á ferðinni framtíðarleikmenn í íslenska kvennaboltanum.

U18 stefnir á þátttöku í Opna EM í júní/júlí í Svíþjóð. (Partille cup).

U16 hópurinn er á milli 35-40 stúlkur og höfðuáhersla á mælingar, handboltaæfingar og félagslega uppbyggingu. 4 æfingahelgar eru fyrirhugaðar á tímabilinu.

Nefndin hefur rætt málefni yngri leikmanna og hugmyndir um að koma á fót U14 æfingahóp eða nota aðrar leiðir til að efla áhuga í aldurshópnum 12-14 ára. Þau mál eru í vinnslu hjá nefndinni og skrifstofu HSÍ og skýrast væntanlega á næstunni.

Sérstakir samstarfsaðilar að málefnum kvennalandsliða voru ÍSLANDSPÓSTUR og LS RETAIL. Þá koma Icelandair og ARION banki sterkir inn og veita allir þessir aðilar verðmætan stuðning til uppbyggingar kvennahandboltans.

Kunnum við þeim miklar og góðar þakkir fyrir og reynum að gera þeirra hag sem mestan þar sem við getum.

Íslenskur handknattleikur glímir við mikinn vanda sem kallast “árangur”. Nú þegar konurnar koma sterkari inn eykst bara vandinn og rekstarkostnaðurinn. Auk þeirra góðu fyrirtækja og einstaklinga sem styðja okkur er nauðsynlegt að forgangsraða öðru vísi hjá ríki og borg. Núverandi borgarstjórn Reykjavíkur lagði niður Silfursjóðnum svokallaða sem stofnaður var í sigurvímu árið 2008 og ætlaður var til að byggja upp handknattleik og temja ungu fólki hugsunarhátt sigurvegaranna. Þetta er ekki sú afgreiðsla sem íþróttafólkið okkar á skilið og við verðum að gera okkur grein fyrir því að það berst enginn fyrir okkur, við verðum að gera það sjálf.

Þar sem við Guðbjörg Jónsdóttir erum að draga okkur í hlé eftir að hafa starfað að málefnum kvennalandsliðanna frá 2006 nota ég tækifærið og þakka öllu því góða og fórnfúsa fólki sem við höfum kynnst í kringum handboltann og óska þeim áframhaldandi góðs og árangursríks starfs.

Landsleikjalisti:

A-kvenna				
Lau. 30.nóv.2013	14.00	Hertz höllin	Ísland - Sviss	26-21
Fös. 29.nóv.2013	18.00	Hertz höllin	Ísland - Sviss	27-26
Fim. 28.nóv.2013	18.00	Hertz höllin	Ísland - Sviss	17-20
Sun. 27.okt.2013	16.00	Slóvakía	Ísland - Slóvakía	18-19
Mið. 23.okt.2013	19.30	Vodafone höllin	Ísland - Finnland	34-18
Þri. 18.jún.2013	19.30	Selfoss	Ísland - Noregur	31-43
Sun. 16.jún.2013	16.00	Laugardalshöll	Ísland - Noregur	26-28
Lau. 8.jún.2013	16.00	Most	Ísland - Tékkland	21-26
Sun. 2.jún.2013	16.00	Vodafone höllin	Ísland - Tékkland	17-29
Sun. 26.maí.2013	12.35	Gautaborg	Ísland - Serbía	21-22
Lau. 25.maí.2013	17.10	Gautaborg	Ísland - Noregur	20-33
Fös. 24.maí.2013	17.05	Gautaborg	Ísland - Svíþjóð	25-30
Sun. 24.mar.2013	17.00	Austurberg	Ísland - Svíþjóð	30-27
Lau. 23.mar.2013	13.30	Austurberg	Ísland - Svíþjóð	25-24

U-20 kvenna				
Lau. 22.jún.2013	13.30	Hertz höllin	Ísland - Noregur	21-30
Sun. 19.maí.2013	16.00	Michalovce	Ísland - Slóvakía	23-26
Lau. 18.maí.2013	13.30	Michalovce	Ísland - Serbía	24-20
Fös. 17.maí.2013	13.30	Michalovce	Ísland - Moldavía	37-12

U-18 kvenna				
Sun. 24.mar.2013	15.00	Austurberg	Ísland - Lettland	51-14
Lau. 23.mar.2013	18.00	Austurberg	Ísland - Þýskaland	19-26
Fös. 22.mar.2013	19.00	Austurberg	Ísland - Holland	25-32

Reykjavík, apríl 2014

f.h landsliðsnefndar kvenna

Árni Þór Árnason form.

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KARLA HSÍ

Nefndarskipan var sem hér segir.

Einar Einarsson - formaður

Ingibjörg Ragnarsdóttir

Jakob Sigurðsson

Páll Ólafsson

Páll Þórólfsson

Helstu áherslur nefndarinnar eru eftirfarandi og var unnið að þeim eftir föngum:

- ✓ Að skapa landsliðum sem best umhverfi.
- ✓ Samhæfð þjálfun allra karlalandsliða.

- ✓ Samræmd leikkerfi hjá öllum landsliðum.
- ✓ Bæta líkamlega þjálfun hjá yngri leikmönnum.
- ✓ Bæta markmannsþjálfun.
- ✓ Allir landsliðsþjálfarar vinna í Sideline um hverfinu.
- ✓ Auka meðvitund leikmanna fyrir góðu líkamlegu ástandi.
- ✓ Efla næringarráðgjöf.

Landsliðsþjálfarar þetta starfsár voru:

- ✓ A landslið Aron Kristjánsson, Gunnar Magnússon og Erlingur Richardsson.
- ✓ U20 ára liðið Gunnar Magnússon og Reynir Þór Eynisson
- ✓ U18 ára liðið Einar Guðmundsson og Sigursteinn Arndal
- ✓ U16 ára liðið Kristján Arason og Konráð Olavson
- ✓ U14 ára liðið Heimir Ríkharðsson

Stutt yfirlit yfir helstu þætti starfsins.

Karllandslið Íslands vann sér rétt til þátttöku á Evrópumeistaramótinu í Danmörku með því að vinna forkeppnisriðilinn sem liðið var dregið í en með Íslandi voru í riðli Hvíta-Rússland, Slóvenía og Rúmenía.

Síðasti leikur riðilsins var við Rúmena og var það einnig kveðjuleikur Ólafs Stefánssonar. Í kringum þennan leik var búið til skemmtilegt átak undir nafninu “Takk Óli” og var Arion Banki með HSÍ í þessu verkefni. Tókst þetta frábærlega og var troðfull Laugardalshöll og Ólafur fékk um 37.000 kveðjur inn á heimasíðu sem búinn var til í tilefni viðburðarins.

EM 2014 fór fram í Danmörku og lenti Íslenska landsliðið í 5 sæti keppninnar sem verður að teljast frábær árangur þar sem marga af lykil leikmönnum vantaði.

Skipulag yngri landsliða.

Yngri landsliðin koma saman 5-6 sinnum á ári til að æfa og taka þátt í leikjum og mótum. Tíminn er vel nýttur til að æfa þau atriði sem þarf að laga og stilla saman hópinn. Samvinna er á milli landsliða um æfingar og æfingaleiki, sömu leikkerfin eru í gangi hjá öllum landsliðunum og sömu áherslur eru í varnarleik. Þetta gerir það að verkum að auðveldara er fyrir leikmenn að fara á milli landsliða og til annarra landsliðsþjálfara þar sem samræmi er á milli landsliða.

Helstu verkefni sem sett hafa verið af stað á árinu eru:

Markmannsþjálfun – Komið er í gang teymi sem sér um að skipuleggja markmannsþjálfun, sér um markmannsæfingar og býr til efni fyrir þjálfara og markmenn til að vinna eftir. Þetta teymi fer á æfingar hjá öllum yngri landsliðunum og kemur að þjálfun markvarða og hefur einnig tekið þátt í því að velja hvaða markmenn eru teknir inn í landsliðin.

Líkamleg þjálfun – Búið er að mynda teymi sem sér um að skipuleggja styrktarþjálfun, sér um líkamleg test sem yngri landsliðin taka tvisvar á ári. Búið að búa til námskrá um hvernig á að standa að líkamlegri þjálfun barna og unglinga og búa til efni fyrir þjálfara og leikmenn til að vinna eftir. Sumarið 2014 munu U-20 og U-18 ára landslið karla æfa saman undir stjórn líkamlega teymisins. Þar verður unnið í að þjálfu upp styrk, þar sem augljóst er að við erum á eftir öðrum þjóðum hvað það varðar. Markmiðið er að gera alla líkamlega þjálfum markvissari og árangursríkari. Einnig er unnið að því að útbúa gagnagrunn þar sem hægt er að nálgast niðurstöður mælinga fyrir öll yngri landslið.

Leikkerfi – Búið að vinna í að samræma leikkerfi hjá öllum landsliðum. Haldnir hafa verið fundir með Aroni og þjálfurum yngri liðanna þar sem farið er í gegnum þau leikkerfi sem A-landsliðið er að spila.

Varnarleikur – Búið er að vinna í að samræma áherslur í varnarleik á milli allra landsliðanna. Haldnir hafa verið fundir með Aroni og þjálfurum yngri liðanna, sitt í hverju lagi og farið í gegn um varnarleik A-landsliðsins og lögð áhersla á að allir séu að vinna á sama hátt.

Gagnagrunnur (Sideline) – Allir landsliðsþjálfarar eiga að vinna alla sína vinnu í Sideline. Þar inni eiga að vera; allir leikir sem liðin spila, allir fundir sem haldnir eru, öll tölfraði hjá liðunum, leikgreining á leikjum liðanna og andstæðinganna, niðurstöður úr líkamlegum testum, allt skipulag yfir hvað búið sé að gera og hvað sé framundan og allt annað sem þjálfarar eru með í gangi hverju sinni. Hægt er að senda efni út til leikmanna í gegn um Sideline.

Landsleikjalisti:

A-karla

Lau. 2.nóv.2013	19.20	Linz	Ísland - Austurríki	32-33
Fös. 1.nóv.2013	19.20	Linz	Ísland - Austurríki	29-28
Sun. 16.jún.2013	19.45	Laugardalshöll	Ísland - Rúmenía	37-27
Mið. 12.jún.2013	15.00	Minsk	Ísland - Hvíta-Rússland	23-29
Sun. 7.apr.2013	16.00	Laugardalshöll	Ísland - Slóvenía	35-34
Mið. 3.apr.2013	18.15	Maribor	Ísland - Slóvenía	29-28
Sun. 20.jan.2013	19.15	Barcelona	Ísland - Frakkland	28-30
Fös. 18.jan.2013	17.00	Sevilla	Ísland - Qatar	39-29
Mið. 16.jan.2013	19.15	Sevilla	Ísland - Danmörk	28-36
Þri. 15.jan.2013	17.00	Sevilla	Ísland - Makedónía	23-19

Sun. 13.jan.2013	14.45	Sevilla	Ísland - Chile	38-22
Lau. 12.jan.2013	17.00	Sevilla	Ísland - Rússland	25-30
Þri. 8.jan.2013	18.15	Helsingborg	Ísland - Svíþjóð	29-31

U-20 karla

Sun. 6.jan.2013	11.00	Panningen	Ísland - Slóvenía	27-27
Lau. 5.jan.2013	19.00	Panningen	Ísland - Holland	23-37
Fös. 4.jan.2013	17.00	Panningen	Ísland - Úkraína	27-25

U-18 karla

Sun. 29.des.2013		Mertzig	Ísland - Saar	27-24
Sun. 29.des.2013		Mertzig	Ísland - Slóvakía	32-20
Lau. 28.des.2013	16.30	Mertzig	Ísland - Þýskaland	17-18
Lau. 28.des.2013	11.50	Mertzig	Ísland - Sviss	22-27
Fös. 27.des.2013	16.10	Mertzig	Ísland - Finnland	25-17
Fös. 5.júl.2013	10.30	Gautaborg	Ísland - Tékkland	30-25
Fim. 4.júl.2013	17.30	Gautaborg	Ísland - Litháen	23-17
Fim. 4.júl.2013	11.30	Gautaborg	Ísland - Rússland	29-28
Mið. 3.júl.2013	15.00	Gautaborg	Ísland - Bretland	21-10
Mið. 3.júl.2013	11.00	Gautaborg	Ísland - Portúgal	14-16
Þri. 2.júl.2013	13.00	Gautaborg	Ísland - Noregur	17-17
Mán. 1.júl.2013	10.00	Gautaborg	Ísland - Austurríki	15-17
Mán. 1.júl.2013	16.00	Gautaborg	Ísland - Ísrael	24-15

U-16 karla

Sun. 6.jan.2013	12.00	Austurberg	Ísland - Noregur	24-30
Lau. 5.jan.2013	15.30	Austurberg	Ísland - Noregur	32-31

Fös. 4.jan.2013

19.00

Austurberg

Ísland - Noregur

35-32

Reykjavík, apríl 2014

Einar Einarsson formaður landsliðsnefndar karla.

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ

Mótanefnd 2013-2014

Vigfús Þorsteinsson, formaður.

Ásta Björk Sveinsdóttir

Pétur Vilberg Guðnason

Viktor Ragnarsson

Sigurður Örn Þorleifsson.

Starfsmaður mótanefndar var Róbert Gíslason og eru honum þökkun góð störf.

Líkt og áður fer starfsemi mótanefndar að mestu fram með í tölvupóstsamskiptum, og samtölum við fulltrúa félaga, sem var einkum á herðum starfsmanns mótanefndar. Einnig hélt mótanefnd nokkra fundi.

Samráðsfundir

Umferðartal meistaraflokka var kynnt í maí. 2013.

Formannafundur yngri flokka var haldinn í maí 2013, þar sem fyrirhugaðar breytingar á mótafyrirkomulagi fyrir þetta tímabil voru ræddar og samþykktar.


Þá var haldinn fundur með unglingaráðum í apríl, þar sem breytingatillögur fyrir næsta tímabil voru kynntar og ræddar. Þær verða síðan lagðar fyrir maí fundinn þar sem afstaða verður tekin til þeirra.

Meistaraflokkar

Á síðasta þingi var samþykkt breyting sem kveður á um að ef 18 lið eða fleiri eru í mfl. Þá skuli breyta fyrirkomulaginu þannig að fjölgað er í 10 lið í efstu deild. Í vetur voru 19 lið í karlaflokki og eru því allar líkur á að fjölgað verði í úrvalsdeild karla næsta vetur.


Verði fjölgað þýðir það að næsta vetur fjölgar leikjum töluvert, en þá verður umferðirnar 27 þannig að leikjum fjölgar um 6,einnig verður 8 liða úrslitakeppni.

Þetta mun hafa töluverð áhrif á leikjaniðröðun því mótið mun þéttast til muna.




Yngri flokkar


Við erum að sjá fjölgun liða í 4. Flokki, en þetta er annað árið sem hann er árgangaskiptur en liðafjöldi í 2. Og 3. flokki virðist standa í stað.



Hér má sjá liðafjölda í 5. – 7. flokki eftir félögum síðustu 4 ár. *búið er að uppreikna leikmannafjölda í 6. og 7. flokki í 7 manna lið*), reiknaður var meðalliðafjöldi í móti í hverjum flokk



Hérna eru síðan sömu tölur teknar saman eftir flokkum annar vegar og árum hins vegar






Breytingar á leikjum

Við breyttum aðeins verkferlum í ár varðandi breytingar á leikjum, þar sem við fórum að leyfa breytingar á leikjum í yngri flokkum ef viðkomandi félög kæmust að samkomulagi og voru með nýjann leiktíma. Þessi tilraun gekk nokkuð vel í vetur og verður þetta fyrirkomulag því amk næsta vetur.

Áhorfendur

Hér má sjá áhorfendatölur eftir félögum annarsvegar og deildum hinsvegar





Með handboltakveðju

Mótanefnd HSÍ.

SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR HSÍ

Haustfundur dómara og eftirlitsmanna var haldinn í 24. ágúst 2013 þar sem mættu rúmlega þrjátíu C-stigs dómarar og flestir eftirlitsmenn. Dómarar gengust undir bæði bókleg og líkamleg próf með góðum árangri og á fundinum var farið yfir leikreglur og áherslur vetrarins. Dómaranefnd EHF hafði nýlega látið útbúa DVD disk sem sýndi áherslur hennar þegar brot eru framinn við ýmsar aðstæður s.s. í hornum, af línu, sóknarbrott, vítaköst og fleira. Dómaranefnd ákvað að dreifa þessum diskling á netinu og var öllum dómurum, eftirlitsmönnum og þjálfurum uppálagt að kynna sér efni hans og það yrðu áherslur vetrarins. Þorgerður Katrín hélt fyrirlestur um samskipti dómara sem byggir á efni frá danska handknattleikssambandinu. Þar voru dómarar flokkaðir í þrjár hegðunartýpur eða auðsveipi, staðfasti og aggressívi.

Auðsveip	Staðföst, greinandi	Agressív
Dyamotta	Sjálfsörugg	Olnbogast áfram
Veikburða	Heiðarleg	Móðgandi/særandi
Afsakandi	Ábyrg	Hrokafull
Fer undan flæmingi	Skýr	Dominerandi
Fórnfús	Viðurkennir	Fordómafull
Sakbitin	Fyrirgefandi	Hefnigjörn
Bíður átekt	Spontant	Beitir ofríki

Óörugg	Tillitssöm	Efasemdafull
Valdalaus	Innri styrkur	Valdamisnotkun
Vanmáttug	Sjálfsstraust	Þóttafull

Annar fundur var haldinn í janúar þar sem allir gengust undir bæði bóklegt og líkamlegt próf og áherslur vetrarins voru ítrekaðar auk þess sem danska kerfið um frammistöðumat á dómurum var kynnt.

Frammistaða dómara (setjið kross á einum stað)						
Óásættanleg	Næstum óásættanleg	Tæplega ásættanleg	Ásættanleg	Góð	Mjög góð	Frábær
Erfiðaleikastig leiksins (setjið kross á einum stað)						
Dómararnir bættu á erfiðleikastig leiksins	Léttur	Meðal	Yfir meðallagi	Erfiður	Mjög erfiður	

	1	2	3	4	5	Ábendingar til dómara:
Heiðarleiki og hlutleysi						
Leiðtogahæfileiki						
Persónuleiki						
Hvatning/sjálfs gagnrýni						
Bendingar/hreyfingar						
Samvinna dómara						
Samvinna/tengsl við börðið						
Andrúmsloft						
Óþróttamannleg framkoma						
Samræmi í dómum						
Persónubundnar refsingar						
Barátta línu- og vamarleikmanna						
Geta til að lesa leikinn						
Leikleysa						
Sóknarbrot						
Vítaköst, samræmi						
Skref						
Framkvæmd kasta						
Tæknileg útfærsla leikreglna						

Ákveðið var að hluti eftirlitsmanna myndi fylgja þessu kerfi eftir fram á vor og þá yrði það endurmetið og hugsanlega tekið upp á fullu í haust.

Fundur var haldinn með þjálfurum sunnudaginn 25. ágúst þar sem farið var yfir haustfund dómara og þeim kynntar þær áherslur sem þar voru teknar. Talsverð forföll voru á þeim fundi og spurning hvaða tími hentar fyrir þjálfara þannig að allir geti mætt.

Ekki tókst að byggja upp kerfi dómaratengiliða í vetur og má þar helst kenna tímaleysi dómaranefndarmanna sem ekki tókst að fylgja eftir starfinu frá því veturinn áður.

Í vetur var í þriðja skipti beitt viðurlögum þegar félög útveguðu ekki réttindadómara á leiki í 3. flokki og ef þau gátu ekki tilkynnt C-stigs dómara með þátttökutilkynningum í meistaraflokki. Ljóst er að ef félög líta á sektargreiðslur sem betri útgönguleið heldur en að útvega dómara að þá þarf að hækka þær verulega.

A-stigs námskeið voru haldinn á mánudögum eftir beiðni félaganna og voru mörg slík haldinn á tímabilinu.

Margrét Berg Theodórsdóttir og Arna Garðarsdóttir hafa borið hitann og þungan af fræðslunámskeiðum dómaranefndar. Án þeirra hefði ekki verið hægt að halda úti svo öflugri fræðslu og er þeim sérstaklega þakkað fyrir frábært framlag.

Dómarakostnaður liggur ekki fyrir og spurning hvort ekki er hægt að byggja bókhaldskerfi HSÍ þannig upp að hann verði alltaf sýnilegur öllum í öllum flokkum.

Dómarar og eftirlitsmenn EHF hafa verið á ferð og flugi í vetur þar sem þeim hefur verið úthlutað fjölda mjög góðra verkefna.

Anton og Hlynur dæmdu undanúrslitaleik í úrslitakeppni í „Final four“ í meistaradeild EHF í í Þýskalandi í maí en það var um leið kveðjuleikur Hlyns sem hætti dómgæslu að honum loknum. Hlyn eru færðar þakkir fyrir frábært starf sem dómari undanfarna tvo áratugi.

Arnar og Svavar fóru á námskeið fyrir IHF dómara á Spáni í ágúst 2013 þar sem þeim gekk mjög vel og útskrifuðust sem IHF dómarar.

Anton og Jónas byrjuðu sem nýtt par síðastliðið haust og fengu þeir ásamt Arnari og Svavari marga leiki í meistaradeildinni í vetur auk þess sem Anton og Jónas hafa dæmt í úrslitakeppni í Qatar og á Asíuleikunum í vetur. Arnar og Svavar hafa þegið boð um að dæma í úrslitakeppni HM kvenna undir 20 nú í sumar. Ingvar fór að dæma með Þorleifi Björnssyni og eru þeir EHF candidate par í vetur auk þess sem Ingvar dæmdi með Eydun Samuelson frá Færeyjum í evrópukeppninni.

Örn og Matthías fóru á YRP námskeið til Frakklands síðast liðið vor og Bjarki og Gunnar Óli dæmdu æfingarleiki á milli yngri landsliða Grænlands og Danmerkur í Grænlandi vorið 2013. Bjarki og Gunnar Óli eru að fara að dæma „Final four“ í Skotlandi í maí 2014 og fara síðan á YRP námskeið í Tyrklandi í sumar.

Íslandi hefur boðist þátttaka í þjálfun ungra dómara í gegnum styrkjakerfi Erasmus+ sem er á vegum Evrópusambandsins, eitt tíu landa sem geta tekið þátt. Við væntum mikils af því en ákveðið hefur verið að veita þessum þátttökuþjóðum samanlagt 150.000 EUR á ári næstu þrjú ár til verkefnisins.

Einn nýr eftirlitsmaður bættist í hópinn í haust, Þorlákur Kjartansson, og bjóðum við hann velkomin til starfa. Fjórir nýir C-stigs deildardómarar voru útskrifaðir í fyrrahaust og bjóðum við þá einnig velkomna til starfa.

Guðjón og Gunnar, eftirlitsmenn EHF, fóru á námskeið í Vín í byrjun september 2013 á framhaldsnámskeið fyrir m.a. úrslitakeppnir EHF og hafa þeir fengið mörg spennandi verkefni í vetur.

Dómaranefnd hélt nokkra fundi þar sem starfsmaður HSÍ, Róbert Gíslason, sat fundi og skráði þá.

Kristján Halldórsson var dómaranefnd innan handar við að fylgjast með líkamlegu atgervi dómara fjórða árið í röð og skilaði það sér í besta líkamlega atgervi dómara frá upphafi. Róbert Gíslason hefur veitt ómetanlega aðstoð við boðun dómara og utanumhald við rekstur dómaramála. Dómaranefnd færir þeim félögum þakkir fyrir frábært framlag.

Dómaranefnd HSÍ 2012-2013.

Guðjón L. Sigurðsson, formaður

Arna Garðarsdóttir

Hallur Halldórsson

Margrét Theodórsdóttir

Valgeir Ómarsson

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

EHF/IHF dómara.

Anton Gylfi Pálsson – Jónas Elíasson

Arnar Sigurjónsson – Svavar Pétursson

EHF dómara.

Ingvar Guðjónsson

EHF Candidates.

Þorvarður Björnsson

EHF Young Referee Project (YRP)

Bjarki Bóasson – Gunnar Óli Gústafsson

Matthías Leifsson – Örn Arnarson

Eftirlitsmenn EHF

Gunnar K. Gunnarsson

Guðjón L. Sigurðsson

Kristján Halldórsson

Ólafur Örn Haraldsson

Eftirlitsmenn HSÍ

Einar Sveinsson

Helga Magnúsdóttir

Margrét Berg Theodórsdóttir

Valgeir Ómarsson

Þorlákur Kjartansson

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Guðjón L. Sigurðsson (sign) formaður

SKÝRSLA FRÆÐSLU- OG ÚTBREIÐSLUNEFNDAR HSÍ
--

Nefndin var þannig skipuð í upphafi :

Gunnar Örn Erlingsson, formaður

Hrafnhildur Skúladóttir

Inga Fríða Tryggvadóttir

Fyrir tæpum tveimur árum síðan var byrjað að breyta þjálfaramenntunarkerfi HSÍ og byggja það upp frá grunni. Þjálfaramenntunarkerfi HSÍ er 3 stig sem síðan skiptast hvert um sig í 3 þrep. Þegar þjálfarar hafa lokið **3C** hjá HSÍ þá eru þeir búnir að ljúka allri þjálfaramenntun sem er í boði hjá HSÍ. Þegar þessu var lokið þá geta þeir farið á Master-Coach námskeið hjá EHF sem er æðsta þjálfaragráða í Evrópu. Alls eru það 9 þjálfarar sem teljast hafa lokið öllum stigum hjá HSÍ og nú í maí munu væntanlega 13 þjálfarar bætast í þann hóp, en þá munum við útskrifa hóp sem er búinn að vera á þremur námskeiðum í vetur og vinna verkefnavinnu, til að ljúka **3C**.

Veturinn 2013-2014 er fyrsti veturinn þar sem nýtt þjálfaramenntunarkerfi er keyrt samkvæmt uppbyggingu HSÍ. Búið er að halda 8 námskeið sem öll hafa gengið mjög vel og munu 6 námskeið verða haldin nú í maí. Búið er að raða niður öllum námskeiðum fyrir næsta vetur og verður það sett inn á heimasíðu HSÍ, svo að þjálfarar og félög vita tímanlega hvenær námskeiðin verða.

Búið er að ákveða að þegar mótum verður raðað niður fyrir næsta vetur, þá verður tekið tillit til þess að námskeið eru í gangi og verður ekki spilað þær helgar. Þetta er nauðsynlegt svo að hægt sé að fá góða þátttöku á námskeiðin. Við höfum lent í því í vetur að hafa þurft að fella niður námskeið vegna lélegrar þátttöku.

Í byrjun júní 2013 þá stóð fræðslunefnd HSÍ að venju fyrir handboltaskóla fyrir stelpur og stráka sem voru 14 ára gömul. Hvert félag má tilnefna 4 þátttakendur af hvoru kyni og alls voru rúmlega 150 krakkar sem tóku þátt í handboltaskólanum. Í framhaldi af honum þá var ákveðið að vera með úrtaksæfingar fyrir þennan hóp til að halda sem best utan um efnilegustu krakkana hjá okkur og eru þeir hópar búnir að æfa vel síðan og fá verðug verkefni.

Í byrjun september fór Árni Stefánsson og hitti annað árið í röð íþróttakennara í grunnskólum sem voru á endurmenntunarhelgi á Laugarvatni. Þarna voru rúmlega 90 íþróttakennarar og var Árni með kynningu á handbolta fyrir þau, bæði bóklega og verklega. Hann afhenti þeim efni sem búið var til sérstaklega fyrir þetta, með handboltaæfingum og handboltalíkum leikjum. Þetta mæltist mjög vel fyrir og í framhaldinu var rætt um að íþróttakennarar myndu fara í samtarf við HSÍ um að kynna handboltann betur í sínum íþróttatímum. Rætt var um að vera með átak í janúar þegar EM í handbolta er hjá karlalandsliðinu.

Í janúar fórum við af stað með kynninguna **Komdu í handbolta** í samvinnu við íþróttafélögin og íþróttakennara í grunnskólum landsins eins og gert var síðasta vetur. Þessi kynning var á sama tíma og landslið karla keppti á EM í Danmörku. Haft var samband við alla íþróttakennara á landinu, þeim sent efni sem þau gætu notað í kennsluna hjá sér og farið þess á leit við þau að hafa handboltaþema í íþróttakennslunni hjá sér meðan EM var. Góð viðbrögð voru við þessu hjá kennurum og margir höfðu samband og lýstu yfir ánægju sinni með þetta framtak og báðu um meira efni sem síðan var sent til þeirra.

Félögin voru hvött til að kynna starfsemi sína og reyna að auka iðkendafjölda hjá sér. Mörg félög tóku vel við sér og voru í þessu af fullum krafti, en upp kom umræða í kjölfarið að sums staðar mætti ekki fara inn í skólana til að kynna félagsstarfsemi. Var þess farið á leit við okkur hjá HSÍ hvort við gætum ekki beitt okkur fyrir því ásamt ÍSÍ, að fá þetta leyft vegna þess að allir vita að börn þurfa á aukinni hreyfingu að halda.

HSÍ í samvinnu við félag framhaldsskólanema hélt framhaldsskólamót í handbolta, Bersamótið, í janúar og tókst það vel. Þarna var verið að endurvefja gamalt mót og er stefnt að því að halda það árlega í framtíðinni.

Búið er að ræða við íþróttakennara í grunnskólunum um að koma aftur á grunnskólamóti í handbolta í samvinnu við íþróttakennara og félögin. Skipta því niður í keppni í hverfum og hverjum landshluta fyrir sig, fá félögin og þekkta leikmenn til að aðstoða og kynna mótið og hafa svo úrslitin í tengslum við stóran handboltaviðburð, svo sem landsleik eða bikarúrslit. Þetta er atburður sem myndi vekja mikinn áhuga á handbolta og yrði góð kynning og auglýsing út á við fyrir okkur. Hugmyndin er að reyna að byrja með þetta mót næsta vetur.

Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari og Árni Stefánsson eru búnir að fara og heimsækja bæði Egilsstaði og Ísafjörð. Þeir funduðu með stjórnarmönnum og þjálfurum og voru með tvær æfingar á hvorum stað. Þessar heimsóknir tókust mjög vel og var mikill áhugi hjá krökkunum á báðum stöðum. Nýbúið er að endurvefja handknattleiksdeild Hattar á Egilsstöðum og eru þeir byrjaðir með skipulegar æfingar fyrir

krakka á aldrinum 9-16 ára. Á Ísafirði er búið að vera gott starf á undanförunum árum og er gaman að finna áhuga og eldmóð þjálfara og stjórnarmannanna. Aron fór í heimsókn til Vestmannaeyja í lok október og til Reykjanesbæjar í nóvember, var með æfingar og fundaði með heimamönnum. Stefnt var að því að fara til Ólafsfjarðar í lok mars til að heimsækja Menntaskólann á Tröllaskaga og í byrjun apríl átti að heimsækja Menntaskólann á Egilsstöðum, en á báðum þessum stöðum er kennd handboltalína. Undirbúningur fyrir þær heimsóknir var búinn að standa yfir í samvinnu við kennara og íþróttafulltrúa á þeim stöðum en því miður gat ekki orðið af þeim heimsóknum vegna verkfalls framhaldsskólakennara. Ákveðið hefur verið að fara í þessar heimsóknir næsta haust.

Í byrjun apríl þá fór Árni Stefánsson ásamt þremur öðrum þjálfurum til Ólafsvíkur til að vera með handboltakynningu fyrir börn og unglinga á svæðinu í tengslum við landsleik Íslands og Austurríkis. Haldnar voru tvær æfingar og var mjög góð mæting á þær og vöktu þær mikla lukku bæði hjá krökkunum og ekki síður hjá fjölmörgum foreldrum sem fylgdust með. Alls voru um 60 krakkar á þessum æfingum og hefur íþróttafulltrúi bæjarins haft samband og óskað eftir annari heimsókn nú í vor og einnig næsta haust.

Fyrstu mánuði ársins 2014 hefur Árni Stefánsson unnið að því að safna saman og búa til allt námsefni sem kennt verður á öllum námskeiðum HSÍ. Búið er að setja saman viðamikil skipurit, þar sem fram kemur hvernig uppbygging þjálfaramenntunar á að vera, skipting kennslustunda, áhersluatriði í kennslu, tillögur um kennsluefni, þar sem fram koma markmið og nákvæm dagskrá námskeiðanna. Þessi vinna var unnin í nánú samstarfi við Aron Kristjánsson landsliðsþjálfara. Þetta skipurit verður síðan sett inn á nýju heimasíðu HSÍ. Með tilkomu hennar gefst okkur kostur á að setja inn mikið af efni sem nýtist bæði þjálfurum og félögum. Búið er að safna saman mikið af kennsluefni og æfingum og er Árni að flokka það niður og gera það eins aðgengilegt og hægt er. Markmiðið er að búa til stóran gagnabanka fyrir þjálfara þar sem þeir eiga að geta fundið ýmsar æfingar sem þeir geta notað í sinni þjálfun.

HSÍ fór af stað með átak í sambandi við markmannsþjálfun í desember 2012 og þá var sett á fót markmannsþjálfarateymi. Það eru 4 þjálfarar í þessu teymi, Gísli Rúnar Guðmundsson, Sebastian Alexandersson, Guðmundur Hrafnkelsson og Roland Eradze. Þeir vinna að því að þjálfra og kenna markmönnum yngri landsliðanna og einnig vinna þeir með félögum, að þjálfra markverði þeirra, búa til kennsluefni og vera með séræfingar fyrir yngri markmenn og hjálpa markmannsþjálfurum félaganna. Auk þessara þjálfara eru Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari og Árni Stefánsson að vinna að þessu verkefni.

HSÍ fékk reyndan danskan markmannsþjálfara, Tom Jensen, til að koma og hjálpa okkur að móta stefnuna í upphafi og síðan er hann búinn að koma einu sinni í heimsókn og vera með fyrirlestur og æfingakennslu fyrir þjálfara. Það tókst frábærlega og það voru nærri 40 þjálfarar sem mættu. Nú eru í gangi viðræður við Tomas Svensson, hinn þekkta sænska markmann, um að koma í maí 2014 og vera með fyrirlestur og námskeið fyrir íslenska markmenn og markmannsþjálfara.

Langtímamarkmið okkar er að Ísland eignist markverði í allra fremstu röð og á endanum þann besta í heiminum. Þangað er löng leið en það er að okkar mati raunhæft að eftir 10 ár, ættum við að eiga 3-4 sterka markverði á alþjóðlegum mælikvarða og einn af þeim verði álitinn einn sá besti í heimi.

Í september 2013 var Fræðslunefnd HSÍ með námskeið fyrir markmannspjálfa þar sem fyrsti hluti af kennslufni HSÍ: “Íslenski markmannsskólinn” var kynntur og dreift á öll félögin. Teymið er með fastar æfingar á tveggja vikna fresti sem eru opnar fyrir markmenn á öllum aldri, þar sem farið er í grunntækni og þeir þjálfaðir í því hvernig þeir eiga að bregðast við hinum ýmsu aðstæðum sem upp koma í leik. Þjálfarar félaganna verið duglegir að senda sína markmenn á þessar æfingar.

Unnið er að því að búa til meira kennslufni, bæði á bóklegu og myndrænu formi sem mun verða aðgengilegt fyrir félögin, þjálfara þeirra og markmennina sjálfa. Búið er að fara út á land til að kynna þetta verkefni, m.a. til Akureyrar, Selfoss, Vestmannaeyja, Ísafjarðar og Egilsstaða. Mikil ánægja er með þetta framtak hjá þjálfurum, foreldrum og markmönnum sjálfum og mun þetta að sjálfsögðu halda áfram.

Í apríl 2013 fór HSÍ af stað með styrktarþjálfarateymi sem í eru 3 þjálfarar, Einar Óli Þorvarðarson sjúkráþjálfari, Kristján Ómar Björnsson einkaþjálfari og Ragnar Óskarsson einkaþjálfari. Markmiðið með þessu teymi er að bæta líkamlega þjálfun barna og unglinga, búa til kennslufni og æfingasafn á myndrænu formi fyrir þjálfara og leikmenn og sjá um líkamlega þjálfun yngri landsliða Íslands í handknattleik.

Teymið framkvæmir líkamlegar prófanir, sem eru staðlaðar fyrir handknattleik, tvisvar á ári á öllum yngri landsliðum Íslands og mun því verða haldið áfram. Í samræmi við niðurstöður þessara prófana þá fá leikmenn í hendur æfingaáætlanir, þar sem þeir geta unnið í þeim hlutum sem eru þeir þurfa helst að bæta. Þetta er unnið í nánú samstarfi við félögin og þjálfara þeirra. Með þessum prófunum er hægt að fylgjast með framförum og bera saman hvernig staðan er á milli prófana.

Í ljósi þess að börn og unglingar hreyfa sig minna í dag heldur en áður og þau gera meira af því að sitja fyrir framan tölvu eða sjónvarpsskjái, þá fannst okkur hjá HSÍ að við yrðum að gera átak í þessum málum. Ljóst er að við Íslendingar erum á eftir t.d. Norðurlandþjóðunum hvað varðar þessi mál og þess vegna ákvaðum við að fara þessa leið.

Teymið er í samvinnu við HSÍ búið að búa til námskrá í líkamsþjálfun barna og unglinga. Þessi námskrá er mjög ítarleg, í henni er farið í hvaða æfingar skuli nota fyrir hvern aldurshóp fyrir sig og hvernig skuli æfa. Kennd eru strax í upphafi rétt líkamsbeiting og passað upp á að allir eigi að gera æfingarnar á réttan hátt. Þessi námskrá var kynnt á fjölmönnum fundi (rúmlega 80 þjálfarar mættu) sem var haldinn 20. október, þar var farið ítarlega yfir hana og í kjölfar fundarins þá fengu allir þjálfarar yngri flokka í handknattleik þessa námskrá senda í tölvupósti. Framundan er að halda námskeið fyrir alla þá sem hafa áhuga á líkamlegri þjálfun og verða þau haldin nú í vor. Almenn ánægja var með þetta mál og er ljóst að þarna er verið að stíga góð skref í líkamlegri þjálfun.

F.h. Fræðslu og útbreiðslunefndar
Gunnar Örn Erlingsson

SKÝRSLA AGANEFNDAR HSÍ

Í aganefnd sátu á starfsárinu eftirtaldir:

Gunnar K. Gunnarsson, formaður

Vala Valtýsdóttir, lögfræðingur

Einar Sveinsson

Til vara:

Þorsteinn Einarsson

Á starfsárinu fram til 29. apríl hélt aganefnd 22 bókaða fundi og tók fyrir 46 mál sem henni voru send. Öll mál voru afgreidd. Hér er um svipaðan fjölda mála og á síðasta ári. Of mörg mál eru enn vegna framkomu leikmanna í yngri flokkum og er það hlutur sem aganefnd telur að aðildafélög HSÍ hvert og eitt þurfi að fara yfir hjá sér.

Aganefnd fjallar fyrst og fremst um brot vegna rauðra spjalda með skýrslu en einnig um rautt spjald við 3ju ítrekun eða fleiri, sem og mál sem til hennar er vísað af stjórn HSÍ eða framkvæmdastjóra.

Gunnar K. Gunnarsson

Formaður.

10. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Ásta Óskarsdóttir gjaldkeri sambandsins tók til máls. Hún gerði grein fyrir ársreikningum, staðfestum af formanni, varaformanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra einnig eru þeir yfirfarnir af skoðunarmönnum og endurskoðendum hjá Fjárstoð ehf.

HSÍ

Ársreikningur

2013

Handknattleikssamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar HSI

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir HSI vegna ársins 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða HSI við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Kópavogur 2. mars 2014




Fjárfstöð ehf

Áritun skoðunarmanna


Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Handknattleikssambands Íslands höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn sambandsins og ber hún ábyrgð á honum í samræmi við starfskyldur hennar. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 2013, efnahagsreikningi 31. desember 2013 ásamt sundurliðunum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn veiti nægjanlegar upplýsingar um fjárreiður og skuldbindingar sambandsins á tímabilinu og fjárhagsstöðu þess 31.12.2013

Reykjavík 23. apríl 2014.



Jón Gestur Viggósson



Guðmundur Frimannsson

Skýrsla stjórnar

Rekstur HSÍ á árinu 2013 var með svipuðu sniði og árið á undan sem var þó HM og Ólympíuár.

Tap HSÍ á árinu 2013 nam kr. 11.774.011 Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 47.098.832, bókfært eigið fé í árslok er kr 5.707.725.


Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra HSÍ koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri HSÍ staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Kópavogur, 2. mars 2014

I stjórn

stjórnarformaður

nafn



nafn

ASTA ÓSKARSDÓTTIR

nafn



Framkvæmdastjóri

nafn

PAGGI A. JONSSON

nafn



Rekstrarreikningur 2013

	Skýr.	2013	2012
Styrkir ÍSÍ og Lottó		39.977.611	63.888.468
Aðrir styrkaraðilar		109.129.775	123.243.913
Tekjur af landsleikjum		19.035.973	22.541.541
Íslandsrnót		12.623.196	8.208.502
Aðrar tekjur		11.630.851	6.072.175
Rekstrartekjur alls:		192.397.406	223.954.599
Kostnaður landsliða		(90.402.799)	(107.105.844)
Laun og launatengd gjöld		(41.173.886)	(27.605.204)
Verktakagreiðslur		(11.200.399)	(29.652.793)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(13.517.859)	(12.798.958)
Annar rekstrarkostnaður		(7.963.123)	(11.095.526)
Mótakostnaður		(38.111.737)	(37.427.076)
Rekstrargjöld alls:		(202.369.803)	(225.685.401)
Rekstrartap		(9.972.397)	(1.730.802)
Fjármunatekjur	2	130.211	243.554
Fjármagnsgjöld	3	(1.931.825)	(2.112.668)
Tap ársins		(11.774.011)	(3.599.916)

Efnahagsreikningur 31.12.2013

Eignir	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	4.774.749	2.331.445
		<u>4.774.749</u>	<u>2.331.445</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	33.192.015	41.793.061
Aðrar skammtímafröfur	5	8.485.084	9.170.554
Handbært fé	5	646.984	2.767
		<u>42.324.083</u>	<u>50.966.382</u>
Eignir		<u>47.098.832</u>	<u>53.297.827</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	6	5.707.725	17.481.736
Eigið fé		<u>5.707.725</u>	<u>17.481.736</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	7	31.732.340	20.025.925
Ógreidd laun og launatengd gjöld		4.327.805	2.502.995
Yfirdráttur bankareikninga		4.137.730	7.037.081
Aðrar skammtímaskuldir	7	1.193.232	6.250.090
		<u>41.391.107</u>	<u>35.816.091</u>
Skuldir		<u>41.391.107</u>	<u>35.816.091</u>
Eigið fé og skuldir		<u>47.098.832</u>	<u>53.297.827</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartap		(9.972.397)	(1.730.802)
Afskriftir		729.375	463.650
Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta		(9.243.022)	(1.267.152)
Rekstrartengdar eignir, lækkun, ((hækkun))		9.286.516	(5.680.376)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		5.575.016	6.037.264
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		5.618.510	(910.264)
Innborgaðir vextir og arður		130.211	243.554
Greiddir vextir		(1.931.825)	(2.112.668)
Handbært fé frá (til) rekstrar		3.816.896	(2.779.378)
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	4	(3.172.679)	(2.318.250)
		(3.172.679)	(2.318.250)
Fjármögnunarhreyfingar			
		0	0
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		644.217	(5.097.628)
Handbært fé í upphafi árs		2.767	5.100.395
Handbært fé í lok árs		646.984	2.767

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærsla. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

2. Fjármunatekjur

	2013	2012
Vaxtatekjur af bankareikningum	88.547	90.388
Gengishagnaður / Gengistap	41.664	153.166
	<u>130.211</u>	<u>243.554</u>

3. Fjármagnsgjöld

	2013	2012
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	(397.999)	(586.837)
Gengistap	(203.623)	0
Dráttarvaxtagjöld	(1.319.984)	(1.525.316)
Önnur vaxtagjöld	(10.219)	(515)
	<u>(1.931.825)</u>	<u>(2.112.668)</u>

4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Áhöld og tæki	Íþrótta- gölf	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	0	2.331.445	2.331.445
Eignsfært á árinu	3.172.679	0	3.172.679
Staða í árslok	<u>3.172.679</u>	<u>2.331.445</u>	<u>5.504.124</u>
Afskriftir			
Afskrift ársins	263.086	466.289	729.375
Staða í árslok	<u>263.086</u>	<u>466.289</u>	<u>729.375</u>
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	0	2.331.445	2.331.445
Bókfært verð í árslok	<u>2.909.592</u>	<u>1.865.155</u>	<u>4.774.749</u>

Skýringar

5. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2013	31.12.2012
Innlendar viðskiptakröfur	39.742.015	48.343.061
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(6.550.000)	(6.550.000)
	<u>33.192.015</u>	<u>41.793.061</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2013	31.12.2012
Virðisaukaskattur	0	318.264
Fyrirfrangreiddur kostnaður	7.813.563	7.491.890
Fyrirfram tekjufærðir styrkir	671.521	0
Aðrar kröfur	0	1.360.400
	<u>8.485.084</u>	<u>9.170.554</u>

Handbætt fé

	31.12.2013	31.12.2012
Bankainnisteður í íslenskum krónum	646.255	773
Bankainnisteður í erlendri mynt	729	1.994
	<u>646.984</u>	<u>2.767</u>

6. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé í ársbyrjun	17.481.736
Hagnaður/tap ársins	(11.774.011)
Eigið fé 31.12.2013	<u>5.707.725</u>

7. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2013	31.12.2012
Innlendar viðskiptaskuldir	31.732.340	20.025.925
	<u>31.732.340</u>	<u>20.025.925</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2013	31.12.2012
Virðisaukaskattur	1.015.663	0
Aðrar skuldir	177.569	6.250.090
	<u>1.193.232</u>	<u>6.250.090</u>

11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Þingforseti óskaði eftir umræðum um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

Tryggvi Árnason frá Haukum varðandi reikninga styrki ÍSÍ og Lottó mikil lækkun á þeim styrkjum og launakostnað um 12 milljónir sem er í raun tapið, og svo vegna skýrslu formannsins sem er ítarleg og góð en vegna þessara beinu útsendinga frá RÚV til mikillar fyrirmyndar að öllu leiti nema einu það hefur verið kappkostað að gefa sem minstar upplýsingar um hvort það sé verið að sýna þessa leikið eða ekki og þá hvaða leiki? Það er búið að vera afskaplega lélegt og erfitt að reyna að finna það út hvað verði sýnt og hvað ekki. Þetta finnst mér mikil synd því þetta er stórkostleg framför að það sé verið að bjóða upp á svona miklar útsendingar en maður er í vandræðum með að finna út klukkan hvað og hvaða leikir verði sýndir.

Ásta svarar varðandi styrkina. Styrkir frá ÍSÍ og lækkun vegna þeirra er vegna Ólympíufjöldkyldunnar sem lækka milli ára því þeir voru hærri á árinu 2012. Varðandi laun og launatengd gjöld þar kemur landsliðsþjálfari inn í fullt starf sem launamaður en var verktaki áður. Vonandi svarar þetta spurningunni?

Guðmundur svarar varðandi RÚV. Ég get tekið undir þetta en það var mikil lyftistöng að fá þessa auka rás til að sýna frá þessum leikjum en það verður að segjast alveg eins og er að þeir hafa ekki verið duglegir að kynna leiki á þessari aukarás. Hvort að skýringin sé sú að þetta sé tilraunar rás hjá þeim og annað slíkt en við munum koma þessum athugasemdum á framfæri. En það má bæta þetta og ég er alveg sammála því.

Þingforseti bar reikninga sambandsins upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

12. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsárs

Þingforseti fer yfir fjárhagsáætlun les upp heildar tekjur og gjöld.

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2014

	Skýr.	2014 Áætlun	2013 Rauntölur	2013 Áætlun
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og strykir	1	37.400.000	39.977.611	37.700.000
Aðrir stryktaraðilar	2	114.200.000	109.129.775	122.200.000
Tekjur af landsleikum	3	16.000.000	19.035.973	19.150.000
Íslandsmót	4	12.151.000	12.623.196	6.950.000
Tekjur af mótum	5	7.300.000	11.630.851	4.500.000
Rekstrartekjur alls		187.051.000	192.397.406	190.500.000
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	6	57.905.661	52.374.315	53.197.360
Þátttaka í mótum	7	88.443.040	85.605.642	81.336.488
Kostnaður v. Mótahalds	8	19.800.000	43.134.677	35.250.000
Rekstur mannvirkja og gólf	9	3.000.000	3.031.129	4.900.000

Rekstur skrifstofu	10	10.100.000	10.260.917	6.900.000
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	11	3.250.000	7.233.748	3.250.000
Kostnaður v. Samkeppnisreksturs	12	0	0	1.900.000
Annar kostnaður	13	0	0	1.450.000
Afskriftir v. Íþróttagólfs		729.375	729.375	0
Rekstrargjöld samtals		183.228.076	202.369.803	188.183.848

Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>3.822.924</u>	<u>-9.972.397</u>	<u>2.316.152</u>
---------------------------------	--	------------------	-------------------	------------------

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Vaxtatekjur	15	90.000	130.211	150.000
Vaxtagjöld	15	-400.000	-611.841	-400.000
Dráttarvextir	15	-1.000.000	-1.319.984	-500.000
		<u>-1.310.000</u>	<u>-1.801.614</u>	<u>-750.000</u>

Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>2.512.924</u>	<u>-11.774.011</u>	<u>1.566.152</u>
----------------------------	--	------------------	--------------------	------------------

Fjárhagsáætlun er vístað til fjárghasnefnda

13. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu



57. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

30. apríl 2014

Þingskjal nr: 4

Tillaga um Lög HSÍ
 Flutningsaðili: Stjórn HSÍ

stjórn HSÍ

skoðunarmenn reikninga HSÍ

...

Störf handknattleikspings eru:

...

gjaldkeri leggur fram reikninga HSÍ

...

kosning 2 **skoðunarmanna** og 2 til vara

...

54.gr. Reikningsárið

...

Skoðunarmenn HSÍ skulu vera sjálfstæðir og óháðir HSÍ.

...

Greinargerð:

Verið að lagfæra heiti á skoðunarmönnum.

Pingskjal 4 er vísað til Alsherja – og laganefndar



57. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll 30. apríl 2014 Pingskjal nr: 5

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Stjórn HSÍ

Var

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- c) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.

- e. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
- f. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
- g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
- h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
- j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færist upp í úrvalsdeild.

Ef lið eru 8 í úrvalsdeild þá leikur það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári.

Séu 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og efsta liðið í 1. deild ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2.-5. sæti fyrstu deildar, taka sæti þeirra.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 8 lið eða færri.

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 9 lið

Leikin skal úrslitakeppni 6 efstu liða.

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Lið 1 og 2 sitja hjá

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum

Lið 1 mætir sigurvegara viðureignar 4/5

Lið 2 mætir sigurvegara viðureignar 3/6

Þau lið sem vinnur 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitill.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 10 lið eða fleiri.

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Umspil um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 8 lið í efri deild.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Umspil um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 10 lið eða fleiri í efri deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 5 í 1. Deild.

Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. Deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 7. sæti úrvalsdeildar, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, efsta lið 1. deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, liðið í 9. sæti úrvalsdeildar, liðið í 10. sæti úrvalsdeildar.

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, liðin sem töpuðu undanúrslitum umspils.

Áður en fjölgun í efstu deild tekur gildi skulu fyrir 10 liða efstu deild a.m.k. 18 lið hafa verið skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 18 lið verði áfram það keppnistímabil. Fyrir 12 liða efstu deild skulu a.m.k. 22 lið vera skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 22 lið verði áfram það keppnistímabil.

Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í fyrstu deild er færri en 6 lið skal fækka strax í úrvalsdeild. Skulu þá 8, 10 eða 12 efstu lið úrvalsdeildar leika í þeirri deild á næsta tímabili, eftir því sem á við en önnur lið leika í 1. deild.

Ef leikið er í einni deild og fækka þarf í úrvalsdeild þar sem fjöldi liða er orðinn það mikill að leika skal í tveimur deildum skv. grein þessari skulu 8 efstu lið deildarinnar leika í úrvalsdeild en önnur lið leika í 1.deild. Skal leikið í einni deild næsta keppnistímabil eftir að slík staða kemur upp og skipt upp eftir það.

Stjórn HSÍ skal setja nánari reglur um fækkunina ef sú staða kemur upp.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

Verður

151.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- d) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- e) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- f) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - e. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - f. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir
 - h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
 - j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3.umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færist upp í úrvalsdeild.

Ef lið eru 8 í úrvalsdeild þá leikur það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári.

Séu 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og efsta liðið í 1. deild ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2.-5. sæti fyrstu deildar, taka sæti þeirra.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 8 lið eða færri.

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 9 lið

Leikin skal úrslitakeppni 6 efstu liða.

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Lið 1 og 2 sitja hjá

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum

Lið 1 mætir sigurvegara viðureignar 4/5

Lið 2 mætir sigurvegara viðureignar 3/6

Þau lið sem vinnur 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitill.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 10 lið eða fleiri.

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Umspil um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 8 lið í efri deild.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Umspil um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 10 lið eða fleiri í efri deild.

Lið 2 í 1.deild mætir liði 5 í 1. Deild.

Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. Deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 7. sæti úrvalsdeildar, ~~liðið í 8. sæti úrvalsdeildar~~, efsta lið 1.deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, ~~liðið í 8. sæti úrvalsdeildar~~, liðið í 9. sæti úrvalsdeildar, ~~liðið í 10. sæti úrvalsdeildar~~, efsta lið 1.deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, liðin sem töpuðu undanúrslitum umspils.

Áður en fjölgun í efstu deild tekur gildi skulu fyrir 10 liða efstu deild a.m.k. 18 lið hafa verið skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 18 lið verði áfram það keppnistímabil. Fyrir 12 liða efstu deild skulu a.m.k. 22 lið vera skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 22 lið verði áfram það keppnistímabil.

Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í fyrstu deild er færri en 6 lið skal ~~fækka strax í úrvalsdeild. Skulu þá 8, 10 eða 12 efstu lið úrvalsdeildar leika í þeirri deild á næsta tímabili, eftir því sem á við en önnur lið leika í 1.deild leika í einni deild árið eftir og skal skipta deildinni upp eftir það ár.~~

Ef leikið er í einni deild og fækka þarf í úrvalsdeild þar sem fjöldi liða er orðinn það mikill að leika skal í tveimur deildum skv. grein þessari skulu 8 efstu lið deildarinnar leika í úrvalsdeild en önnur lið leika í 1.deild. Skal leikið í einni deild næsta keppnistímabil eftir að slík staða kemur upp og skipt upp eftir það.

Stjórn HSÍ skal setja nánari reglur um fækkunina ef sú staða kemur upp.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

Skulu breytingar þessar taka gildi keppnistímabilið 2014-2015.

Greinargerð:

